

Leiðbeiningar og reglur við gerð útboðs- og verklýsinga



Framkvæmdadeild, maí 2020

Inngangur

Leiðbeiningar þessar eru handbók um gerð útboðs- og verklýsinga hjá Vegagerðinni. Þær byggjast m.a. á þeim reglum sem er að finna í ÍST30, lögum um opinber innkaup (nr. 120/2016) og lögum um framkvæmd útboða (65/1993).

Samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 260/2020 eru viðmiðunarfjárhæðir eftirfarandi og skulu öll útboðs yfir þessum mörkum auglýst á EES svæðinu með þeim tímamörkum sem þar gilda :

- Vörusamningar 18.120.000 kr.
- Þjónustusamningar 18.120.000 kr.
- Verksamningar 697.439.000 kr.

Skv. sömu reglugerð skal bjóða út samninga innanlands ef verðmæti þeirra er meira en :

- Vörusamningar 15.500.000 kr.
- Þjónustusamningar 15.500.000 kr.
- Verksamningar 49.000.000 kr.

Viðmiðunarfjárhæðir eru endurskoðaðar á tveggja ára fresti.

Ef um er að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra seljenda. Slíkur samanburður skal jafnan gerður með rafrænum hætti.

Við innkaup undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum skal fara eftir verklagsreglum.

5.1.01 Kaup á vörum

5.2.01 Kaup á hönnun, eftirliti og ráðgjafarþjónustu

5.3.01 Kaup á verkum og þjónustu annarri en ráðgjafarþjónustu,

Auk þess gilda eftirfarandi lög um framkvæmdir eftir því sem við á,

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Umferðalög nr. 50/1987

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Lög um umhverfisábyrgð nr. 55/2012

Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011

Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005,

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004,

Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004,

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004,

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003,

Lög um brunavarnir nr. 75/2000,

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998,

Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995,

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.

64/1994, Lög um landgræðslu nr. 17/1965

Ofangreind lög er að finna á vef Alþingis: althingi.is

Einnig gilda eftir því sem við á eftirtaldar reglur.

Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996, með breytingareglum nr. 504/1999

Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám nr. 552/1996, með breytingareglum nr. 349/2003

Reglur um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum nr. 553/1996

Ofangreindar reglur er að finna á vef Vinnueftirlitsins. vinnueftirlit.is

Reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg nr. 492/2009

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 með breytingareglum 348/1998, 458/2001, 999/2001, 230/2005, 617/2005, 361/2006, 990/2009 og 595/2013

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012

Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012

Reglugerð um námuúrgangsstaði nr. 1000/2011, reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi nr. 1077/2010

Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008

Reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

Reglugerð um olíuúrgang nr. 809/1999

Reglugerð um spilliefni nr. 806/1999

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999

Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999

Reglugerð um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna nr. 788/1999

Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999

Reglugerð um sprengiefni nr. 684/1999

Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994.

Ofangreindar reglugerðir er að finna í Reglugerðasafni: reglugerð.is

Í þessum reglugerðum gilda ákvæði um Vegagerðina sem verkkaupa og þarf að taka tillit til þeirra við gerð útboðsgagna og framkvæmd verka eftir því sem við á.

Markmiðið með leiðbeiningunum er að samræma útboðs- og verklýsingar Vegagerðarinnar, sem eru unnar á mörgum stöðum bæði af starfsmönnum Vegagerðarinnar, og ráðgjöfum. Samræmingin hefur gildi innan Vegagerðarinnar, og gagnvart viðskiptavinum hennar og er ætlað að tryggja að mál séu alls staðar meðhöndluð á sama hátt.

Í leiðbeiningunum er einnig að finna reglur um hvernig efni og mál *skulu* meðhöndluð. Reglur eru með skálettri til aðgreiningar frá leiðbeiningum og skal texti þeirra notaður óbreyttur.

Reykjavík í maí 2020

Forstjóri Vegagerðarinnar

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Leiðbeiningar og reglur við gerð útboðs- og verklýsinga.....	7
Undirbúningur útboðs.....	7
Auglýsing útboða.....	7
Útboðsgögn.....	7
Útboðslýsing.....	8
A Tilkynning um útboð	8
B Útboðslýsing.....	10
1 Yfirlit	10
1.1 Almenn	10
1.2 Verktími.....	11
1.3 Dagsektir, féviti (, flýtifé)*	12
1.3.1 Dagsektir (tafabætur).....	12
1.3.2 Féviti.....	12
1.3.3 Flýtifé	12
1.4 Helstu verkþættir	13
1.5 Útboðsgögn.....	13
1.6 Gerð tilboðs	13
1.7 Verkkaupi	14
1.8 Hæfi bjóðenda.....	15
1.9 Val á tilboði	20
1.10 Verksamningur	20
1.11 Öryggis- og heilbrigðisráðstafanir.....	20
1.12 Gæðakerfi verktaka	23
1.13 Umhverfismál og viðbrögð við mengunaróhöppum.....	24
1.14 Skilyrði.....	25
1.14.1 Almenn	25
1.14.2 Vinnubúðir.....	26
1.14.3 Skipulag og leyfi.....	26
1.14.4 Lög og reglugerðir	26
1.15 Merking vinnusvæða	27
1.16 Tryggingar og ábyrgðir verktaka.....	27
1.17 Samskipti.....	28
1.18 Viðauki vegna Covid-19.....	28
2 Samningsskilmálar.....	28
2.1 Almennir samningsskilmálar	29
2.2 Sérskilmálar	29
2.2.1 Efni tilboðs	29
2.2.2 Upplýsingar um bjóðendur	29
2.2.3 Frestur til að taka tilboði.....	29
2.2.4 Verktrygging.....	30
2.2.5 Frestir - tafabætur	30
3 Greiðslur, verðlagsákvæði	30
3.1 Greiðslur	30
3.1.1 Uppgjör vetrarþjónustu.....	31
3.1.2 Reiknireglur við uppgjör á vetrarþjónustu.....	31
3.1.3 Endurskoðun á heildarmagni vetrarþjónustusamnings.	32
3.2 Verðlagsákvæði	32
3.2.1 Almennar verðbætur	32
3.2.2 Verðbætur á asfalti.....	33
3.3 Fyrirframgreiðsla	33
4 Vinnusvæði.....	34
4.1 Mörk vinnusvæðis	34
4.1.1 Þjónustuleiðir.....	34
4.1.2 Umferð á þjónustuleiðum	34
4.1.3 Lýsing þjónustuleiða.....	34
4.2 Áspungi og heildarþungi ökutækja	34
4.3 Lagnir.....	35

4.4	Staðhættir og jarðvegur.....	35
4.4.1	Inngangur.....	35
4.4.2	Jarðvegslýsing	35
4.4.3	Sig og sigmælingar	36
4.4.4	Vatnafar	36
4.5	Rannsóknir.....	36
4.6	Annað.....	36
4.7	Veðurástand, reynslutölur.....	36
5	Umferð.....	37
6	Verksvið, nákvæmniskröfur.....	37
6.1	Almennt	37
6.1.1	Stjórnun vetrarþjónustu	37
6.1.2	Færðargreining - upplýsingagjöf	37
6.1.3	Viðbrögð við óveðri.....	37
6.2	Atriði undanþegin útboði	37
6.3	Vegtegund, frávik	38
6.4	Efni og búnaður sem verkkaupi leggur til.....	38
6.4.1	Efni sem verkkaupi leggur til í vetrarþjónustu	38
6.4.2	Tæki og búnaður sem verkkaupi leggur til í vetrarþjónustu	38
6.5	Vegtengingar.....	38
6.6	Mælingar, útsetningar	39
6.7	Magntölur og uppgjör	40
6.8	Tæki og búnaður sem verktaki leggur til í vetrarþjónustu	40
6.9	Þjónustuflokkur.....	41
6.10	Annað	41
7	Efnistökusvæði	41
7.1	Inngangur.....	41
7.2	Námur	42
7.3	Skeringar.....	42
C	Verklýsing	43
8	Lýsing einstakra liða í tilboðsskrá	43
D	Tilboðsform.	45
	Fylgiskjal x	46
	Leyfileg þyngd ökutækja á vinnusvæðum	46

Leiðbeiningar og reglur við gerð útboðs- og verklýsinga

Undirbúningur útboðs

Afhending útboðsgagna hjá Vegagerðinni er alltaf á mánudögum og eru gögn afhend í TendSign útboðskerfinu. Framkvæmdadeild í Reykjavík hefur umsjón með og samræmir auglýsingar og tilkynningar um útboð. Vegagerðin birtir frumauglýsingu útboða á vefsvæðinu Útboðsvefur.is – Opinber innkaup, sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða. Nauðsynlegt er að koma upplýsingum um útboð og auglýsingum til framkvæmdadeildar í Reykjavík á fimmtudegi í vikunni fyrir afhendingu gagna. Opnun tilboða fer fram á þriðjudögum kl. 14:15 og eru tilboð opnuð í miðstöð. Fundargerð opnunarfundar er gerð í miðstöð og framkvæmdadeild sér um að birta upplýsingar um niðurstöður á heimasíðu Vegagerðarinnar. Fyrirhuguð útboð, niðurstöður tilboða og kynning á verkefnum eru einnig birt í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar

Auglýsing útboða

Texti í útboðsauglýsingum er samræmdur. Í auglýsingu þarf að koma fram til hvaða hóps bjóðenda er verið að höfða (t.d. jarðvinna, mannvirkjagerð, þjónusta). Í útboðum sem tengjast beint ákveðinni fjárveitingu í samgönguáætlun eða ákveðnu verki á heiti útboðs að hafa sama heiti og fjárveitingarliður, þ.e. heiti framkvæmdar (hafnar, sjóvarnar, vegheiti og vegnúmer - kaflaheiti (eða örnefni) og undirheiti ef nánari útskýringa er þörf. Nánari útskýringa er oftast þörf ef boðin eru út önnur verkefni en vegagerð. Í auglýsingu þarf að koma fram stærð verks (t.d. lengd, flatarmál o.s.frv.) og helstu magntölur. Einnig skal koma fram hvar og hvenær afhending útboðsgagna hefst og hvenær tilboð verða opnuð.

Útboðsgögn

Útboðsgögn Vg. eru byggðar á þremur meginþáttum, útboðs- og verklýsingu, tilboðsformi og uppdráttum. Þessar leiðbeiningar og reglur fjalla um gerð útboðs- og verklýsinga og er hér skipt í fjóra hluta A: Tilkynning um útboð, B: Útboðslýsing, C: Verklýsing og D: Tilboðsform. Eyðublöð í tilboðsformi eru fimm, 1: Tilboðsskrá, 2: Verkreynsla bjóðanda, 3: Verkreynsla yfirstjórnanda verks 4: Reynsla í notkun gæðastjórnunarkerfa og 5: Tilboðseyðublað.

Útboðsgögn eru afhent á rafrænu formi og er fjöldi skjala mjög mismunandi. Verklýsing er oftast í sama skjali og útboðslýsing, en í stærri verkum eru þær gjarnan í sitt hvoru skjalinu. Form almennar verklýsingar, sérverklýsingar og tilboðsskrár eru í sérstökum skjölum og er hér einungis fjallað um sameiginleg atriði þeirra. Öll útboðsgögn skulu vera til á rafrænu formi. Bóka- og skjalasafn í miðstöð sér um að vista öll útboðsgögn.

Útboðslýsing

A Tilkynning um útboð

Tilkynning um útboð er fyrsta síða útboðslýsingar og þar þurfa að koma fram fastar upplýsingar, sem að hluta til eru þær sömu og í auglýsingu. Í tilkynningu um útboð er nauðsynlegt að komi fram hvers konar verkefni um er að ræða, þannig að hugsanlegum bjóðendum sé vel ljóst um hvers konar verkefni er að ræða og hvar það er á landinu.

Vegagerðin býður hér með út

Í áframhaldandi texta þurfa að koma fram upplýsingar um eðli og umfang verks. Í tilkynningunni skal einnig koma fram heiti útboðs.

Útboðið nefnist:

Þess skal gætt að heiti útboðs sé einhlítt og að nota sama heiti á öllum stigum framkvæmdar, hvort sem það er í auglýsingu á vefsvæðinu Útboðsvefur.is, áætlunum í FK-kerfi og í útboðslýsingu.

Upptalning útboðsgagna og þeirra rita sem gilda um útboðið skal vera í tilkynningu með eftirfarandi hætti:

Útboðsgögn eru eftirfarandi:

1. hefti Útboðs- og verk lýsing
2. hefti Tilboðsform
3. hefti Upptalning

Í útboðum sem byggjast lítt eða ekki á uppdráttum er eðlilegt að einungis séu notuð hefti 1 og hefti 2. Í stærri útboðum geta verið fleiri hefti.

Upptalning á öðrum gögnum sem um útboðið gilda skal vera með eftirfarandi hætti:

Um útboðið gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings.

ÍST30:2012, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Reglur um vinnusvæðamerkingar –(útgáfunúmer –dagsetning – ár)

Reglur um vinnusvæðamerkingar eru endurskoðaðar reglulega og þarf því að tilgreina þá útgáfu sem er í gildi þegar útboð fer fram.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal upptalning á gögnum sem um útboðið gilda vera með eftirfarandi hætti:

Um útboðið gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings.

ÍST30:2012, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Reglur um festingar og tengingar á tækjabúnaði vörubífreidda í vetrarþjónustu.

Upplýsingar um hvar bjóðendur geta fengið útboðsgögn og fylgirit samnings þurfa að koma fram. Útboðsgögn eru afhent rafrænt í TendSign útboðskerfinu. Afhending gagna er án endurgjalds.

Taka þarf fram hvar, hvernig og hvenær á að skila inn tilboðum og hvenær þau verða opnuð.

Í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, segir að frestur til að skila tilboðum skuli vera minnst 15 almanaksdagar og skuli hann reiknast frá deginum eftir að útboðsauglýsing er birt að meðtöldum opunardegi og að útboðsgögn skuli vera tilbúin til afhendingar frá birtingu útboðsauglýsingar. Í lögnum er gert ráð fyrir að forval sé ávallt viðhaft þegar um lokuð útboð er að ræða til að uppfylla jafnræðisreglu. Frestur í forvali skal vera minnst 15 almanaksdagar og skal gefa minnst 10 daga í tilboðsfrest eftir að útboðsgögn hafa verið send út.

Tilboði skal skila rafrænt í TendSign útboðskerfinu <https://tendsign.is/> fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn (dagsetning)

Ekki verður haldinn sérstakur opnunarfundur en eftir lok tilboðsfrests verður bjóðendum tilkynnt um nöfn bjóðenda í útboðinu og heildartilboðsupphæð.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, hann verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæð eða hann hefur athugasemdir við útboðsgögnin skal hann senda skriflega fyrirspurn eða athugasemd í TendSign útboðskerfinu eigi síðar.... (dagsetning). Svör við fyrirspurnum verða birt í útboðskerfinu.

Ef boðið er til vettvangskönnunar vegna útboðsins er rétt að það sé ákveðið fyrirfram og komi fram í tilkynningu um útboð. Eðlilegt er að vettvangskönnun fari fram ef um óvenjuleg útboð er að ræða, bæði hvað varðar umhverfi og eðli verks, þannig að skoðun á aðstæðum með fulltrúum verkkaupa geti upplýst hluti sem mjög erfitt er að gera grein fyrir í útboðsgögnum. Tímasetning vettvangskönnunar ætti að miðast við að bjóðendur geti verið búnir að kynna sér útboðsgögn áður en hún fer fram.

Tilkynning er send út í nafni forstjóra Vegagerðarinnar þar sem tilgreindur er staður og dagsetning á eftirfarandi hátt.

..... (svæði) í (mánuður, ár)

Forstjóri Vegagerðarinnar

B

Útboðslýsing

Útboðslýsingu er skipt í greinar (greinar 1-7) og skal ávallt nota sömu skiptingu. Verklýsing er síðan 8. grein útboðs- og verklýsingar. Greinar 1-7 eiga að vera lýsing á verkinu, staðsetningu þess og stærð, ásamt því umhverfi sem unnið er í. Gera þarf grein fyrir tengiliðum á útboðstíma, skilum tilboða, kröfum til bjóðenda, forsendum fyrir vali tilboða og samnings- og greiðsluskilmálum. Efnistökin geta verið mismunandi fyrir verkefni og ekki eiga allar greinar við í öllum verkum. Rétt er að halda samt sem áður númerum greina, með textanum, *Á ekki við í þessu útboði* ef um slíkt er að ræða.

1. *Yfirlit*
2. *Samningsskilmálar*
3. *Greiðslur, verðlagsákvæði*
4. *Vinnusvæði*
5. *Umferð*
6. *Verksvið, nákvæmniskröfur*
7. *Efnistökusvæði*

Greinar í útboðslýsingu skiptast í undirliði eftir umfangi og eðli útboða. Hér verður fjallað um efni og efnistökin einstakra greina útboðslýsingar.

1 Yfirlit

Í yfirliti er gerð grein fyrir umgjörð verksins og skilgreindur sá rammi sem unnið er innan. Gefa skal yfirlit um verkið og verktímann. Yfirlitið þarf að gefa hugmynd um umfang verks og verktíma, dagsektir og hugsanlegt fýtifé. Gera þarf grein fyrir því hvar, hvenær og hvernig skuli skila inn tilboðum, greina frá því hver verkkaupinn er með heiti og heimilisfangi og hver er væntanlegur umsjónarmaður verkkaupa. Einnig er fjallað um hvaða reglur gilda um verkið og hver útboðs- og samningsgögn eru.

1.1 Almennt

Staðsetning og stærð verks, t.d. lengd vegarkafra eða stærð mannvirkis, sem á að byggja og staðsetning og magntölur. Einnig skal koma fram hvort heimilt er að bjóða í ákveðna tilhögun verksins (t.d. tilhögun A og tilhögun B) og ef krafist er ákveðinnar áfangaskiptingar í verkinu. Greina þarf frá öðrum verkefnum sem unnið er við á sama vinnusvæði, tímasetningum þeirra og samstarfi við aðra verktaka eða starfsmenn verkkaupa. Í vetrarþjónustuútboðum skal hér einnig koma fram hvort gerð krafa um ákveðna stærð, gerð og staðsetningu á bílum og tækjum.

Í þessari grein skal einnig gefa upp helstu magntölur.

Í eftirfarandi texta eru viðbrögð við Covid-19 í verkum hjá Vegagerðinni.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem eru í samfélaginu vegna Covid-19 faraldsins er bent lið 1.18 Viðauki vegna Covid-19.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal nota eftirfarandi texta.

Verkefnið felst í hreinsun á krapa og snjó af vegum, vegköntum, gatnamótum og öðrum þeim mannvirkjum sem tilheyra veginum svo og hálkuvörn á vegyfirborði.

Tíðni og framkvæmd aðgerða í vetrarþjónustu skal vera samkvæmt gildandi reglum um snjómokstur og vetrarþjónustu.

Útboð þetta innifelur allt að (fjöldi klst.) klst. í daglegri þjónustu, snjómokstri og hálkuvörn. Verktaki skal hafa að lágmarki (fjöldi vörubíla) vörubíla á vakt ásamt þeim mannafla sem þarf til að ganga vaktir til að uppfylla kröfur samkvæmt snjómokstursreglum og reglum um aksturs- og hvíldartíma.

Vörubílar skulu vera staðsettir á (staðsetning ef við á) eða við þjónustuleiðir þannig að þeir geti sinnt þjónustunni á sem bestan hátt og viðbragðstími starfsmanna ekki meiri en tiltekið er í verklýsingu.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að fela verktaka að framkvæma vinnu inn á önnur samningssvæði (opin útboðsmörk) þegar jafna þarf álagi á milli verktaka og/eða til að lágmarka opnunartíma á lengri leiðum eða stærri svæðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að nota eigin tæki við hálkuvörn og snjómokstur sé það talið nauðsynlegt eða hagkvæmt, t.d. þegar verktaki nær ekki að sinna þeirri þjónustu sem um er beðið eða hefur ekki nægjanlega hagkvæman búnað til að vinna tiltekið verkefni.

Í vetrarþjónustuútboðum skal lista upp einstakar leiðir þar sem gefin er leiðarlýsing og mörk vinnusvæðis hverrar leiðar, snjó- og veðuraðstæður, ástand/gerð vegyfirborðs, vegtengingar, útskot/áningar- og keðjunarstaði, upplýsingar um ristarhlið, mæla- og tækjabúnað við veginn og annað sem máli skiptir og getur haft áhrif á framkvæmd eða kostnað við verkefnið og skal birta töflu með samanteknum upplýsingum um heiti einstakra þjónustuleiða, lengd hverrar leiðar, á hvaða dögum og hvenær sólarhrings hún skuli vera opin, undir hvaða þjónustuflokk hún falli ásamt mokstursbreiddum. Gefa skal upp þjónustuflokk og að í gæðastaðli vetrarþjónustu, sé skilgreining á þjónustuflokkum. Einnig skal upplýsa hvort einhver frávik geti verið á gildandi reglum, s.s. tilfærsla á snjómokstursdögum

1.2 Verktími

Hér skal gefa tæmandi upplýsingar um alla tímafresti, þ.e. heildarverklok og tímafresti á einstökum verkþáttum ef slíkar kröfur eru gerðar. Einnig getur verið um að ræða ákveðinn verktíma innan heildarverktímans, t.d. að verkið skuli aðeins taka ákveðinn vikufjölda frá því það hefst eða ef um er að ræða árstíðabundin verkefni skal tiltaka gildistíma samnings og þjónustutíma innan ársins. Hér skal einnig tiltaka heimildarákvæði um framlengingu samnings, ef um slíkt er að ræða. Þegar unnið er með almenna umferð á vinnusvæðinu er óæskilegt að unnið sé við langa kafla og skal hér taka fram hámarks lengd slíkra kafla. Ef gefin er upp tímasetning á því hvenær verk getur hafist skal varast að hún sé áður en gildistími tilboða rennur út.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal nota eftirfarandi texta.

Gildistími samnings er (fjöldi ára) ár með endurskoðunarákvæði um hæfi eftir (fjöldi ára) ár. Heimild er til framlengingar samnings í allt að tvö ár með samþykki beggja aðila, eitt ár í senn. Endurskoðun felur í sér endurmat á hæfi samkvæmt gr. 1.8 og 2.2.2. Ef samningur er framlengdur skal gera um það sérstakan samning.

Útboðið gildir í (fjöldi vetra), þ.e. 20xx-20xy o.s.frv.

Verktaki skal vera reiðubúinn til snjómoksturs og hálkuvarnar frá (dagsetning frá og til) ár hvert.

Ef samningur er um árstíðabundin verkefni til lengri tíma skal hér vera uppsagnarákvæði sem er dagsett utan vinnutímabils.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal nota eftirfarandi texta.

Samningar eru uppsegjanlegir á tímabilinu frá 1. maí til 1. júní ár hvert frá og með (skrá hér árið eftir útboðsár) ef t.d. snjómokstursreglur breytast verulega, eða breytingar verða á högum verktaka eða verkkaupa. Uppsögn skal vera skrifleg.

1.3 Dagsektir, féviti (, flýtifé)*

Í útboðslýsingu þarf að tilgreina dagsektir, féviti og hugsanlegt flýtifé og eftir hvað reglum slíkt er reiknað. *Heiti greinarinnar skal almennt vera 1.3 Dagsektir, féviti, en ef um flýtifé er að ræða skal heitið vera 1.3 Dagsektir, féviti, flýtifé. Sérstaka heimild þarf til að greiða flýtifé.

1.3.1 Dagsektir (tafabætur)

Mælt með því að nota fastar upphæðir í dagsektir fyrir hvern almanaksdag sem verk dregst fram yfir tilgreindan skiladag. Ef notað er hlutfall af samningsupphæð skal nota 0,2%.

Þegar settur er tímafrestur á áföngum í verki sem eru mikilvægir gagnvart umferð eða vegna annars kostnaðar verkkaupa getur átt rétt á sér að beita dagsektum vegna seinkunar á þeim áföngum. Eðlilegt er að slíkar dagsektir séu tilgreindar í föstum upphæðum fyrir hvern almanaksdag sem slíkum áföngum seinkar. Í slíkum áfangaskiptum verkum eða þegar verk eða hluti verks er tekinn í notkun áður en heildarverki er lokið, er nauðsynlegt að skilgreina í útboðslýsingu hvernig dagsektum verði háttáð fyrir þann hluta verks sem eftir er (sbr. undirgrein 5.2.7 í ÍST30:2012). Það má m.a. gera með því að tilgreina dagsektir sem fasta upphæð á dag eða sem hundraðshluta af hluta samningsfjárhæðar, t.d. 0,2% af 25% samningsfjárhæðar.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal nota eftirfarandi texta.

Ef bill, tæki eða búnaður er ekki tilbúinn á tilskyldum tíma og í samræmi við útboðslýsingu er verkkaupa heimilt að leggja dagssektir á verktaka á að upphæð 50.000 kr. per bil/tæki sem ekki er tilbúin fyrir hvern almanaksdag, sem dregst þar til bill, tæki eða búnaður er tilbúinn til notkunar. Verkkaupi áskilur sér rétt til að draga fjárhæð dagssekta frá greiðslum til verktaka við uppgjör reikninga vegna verksins hverju sinni eða stofna til sérstakrar kröfu á hendur honum.

1.3.2 Féviti

Verkkaupi mun gera reglulega úttekt á merkingum vinnusvæðis. Sé einhverju ábótavant verða reiknuð út féviti sem dregin verða frá greiðsluupphæð til verktaka samkvæmt fyrirfram skilgreindri úttektar- og reikniaðferð, sem sýnd er í fylgiskjali (númer fylgiskjals).

1.3.3 Flýtifé

Flýtifé er almennt ekki greitt nema mikilvægt sé, t.d. gagnvart umferð, að verk eða ákveðnir hlutar þess séu teknir í notkun á ákveðnum tíma. Eðlilegt er að tilgreina flýtifé með tilgreindri upphæð fyrir hvern almanaksdag sem verki eða verkhluta er flýtt umfram lokadagsetningu. Einnig skal tilgreina hámarksupphæð

hugsanlegs flýtifjár, t.d. *Verktaki fær greitt flýtifé að upphæð (upphæð) kr. fyrir hvern almanaksdag sem (heiti verks/áfanga er flýtt umfram(dagsetning), þó að hámarki (upphæð) kr.*

1.4 Helstu verkþættir

Í verklýsingu er lýsing á þeim verkþáttum sem útboðið tekur til. Það firrir verktaka ekki skyldu til að framkvæma nokkur þau verk eða leggja til vinnuafli, verkfæri, efni eða þekkingu, sem krafist er í útboðsgögnum.

Þau verk sem vinna skal, skulu unnin á þann hátt, á þeim stað og í þeirri röð sem krafist er í útboðsgögnum.

1.5 Útboðsgögn

Eftirtalin gögn gilda almennt í útboðum. Ef í viðkomandi útboði gilda önnur eða fleiri gögn skulu þau talin upp á sama hátt.

Útboðsgögn eru eftirfarandi og eru þau hluti samnings.

1. hefti Útboðs- og verklýsing

2. hefti Tilboðsform

3. hefti Uppdrættir

Í útboðum sem byggjast lítt eða ekki á uppdráttum er eðlilegt að einungis séu notuð hefti 1 og hefti 2.

Upptalning á öðrum gögnum sem um útboðið gilda skal vera með eftirfarandi hætti:

Um útboðið gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings.

ÍST30:2012, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Reglur um vinnusvæðamerkingar –(útgáfunúmer –dagsetning – ár)

Reglur um vinnusvæðamerkingar, eru aðgengilegar á heimasíðu Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is>.

ÍST30:2012 er hægt að kaupa hjá Staðlaráði Íslands.

Reglur um vinnusvæðamerkingar eru endurskoðaðar reglulega og þarf því að tilgreina þá útgáfu sem er í gildi þegar útboð fer fram.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal upptalning á öðrum gögnum sem um útboðið gilda vera með eftirfarandi hætti:

Um útboðið gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings.

ÍST30:2012, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

ÍST30:2012 er hægt að kaupa hjá Staðlaráði Íslands.

1.6 Gerð tilboðs

Greina skal frá því hvernig á að ganga frá tilboðum og skilum tilboða.

Tilboði skal skila rafrænt í TendSign útboðskerfinu www.tendsign.is fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn (dagsetning).

Ekki verður haldinn sérstakur opnunarfundur en eftir lok tilboðsfrests verður bjóðendum tilkynnt um nöfn bjóðenda í útboðinu og heildartilboðsupphæð.

Öll einingarverð í tilboði skulu vera heildarverð í íslenskum krónum með virðisaukaskatti og eru þau bindandi fyrir tilboðið.

Bjóðandi skal í tilboði tilgreina skýrt og greinilega hvaða lögaðili / lögpersóna er bjóðandi og þar með ábyrgur fyrir innkaupunum gagnvart kaupanda. Í tilboði skal einnig koma fram hvaða aðili innan fyrirtækisins beri ábyrgð á samskiptum vegna tilboðsins. Tilboð skal vera undirritað og dagsett af aðila innan fyrirtækisins sem hefur skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins heimild til að skuldbinda það.

Byggi bjóðandi á tæknilegri eða fjárhagslegri getu annars fyrirtækis skal hann sanna fyrir kaupanda að hann hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu þess fyrirtækis/fyrirtækja um að það/þau muni annast umrætt verkefni og þau beri sameignlega ábyrgð á efndum samnings. Allir aðilar tilboðs skulu skila upplýsingum um hæfi.

Bjóðandi hefur val um það hvort hann skilar öllum umbeðnum gögnum með tilboði sínu eða hvort hann skilar inn samevrópsku hæfisyfirlýsingunni, sbr. kafla 1.8 Hæfi bjóðenda.

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- *í lið 1.8 Hæfi bjóðenda*
- *í lið 1.12 Gæðakerfi verktaka*
- *í lið 2.2.2 um ársreikninga, greiðslu opinberra gjalda og greiðslur í lífeyrissjóði.*
- *Bjóðandi skal skila inn tilboðsformi með tilboðsskrá og útfylltum eyðublöðum um verkreynslu bjóðanda og yfirstjórnenda verks ásamt reynslu í notkun gæðastjórnunarkerfa.*

Kjósi bjóðandi að skila inn samevrópsku hæfisyfirlýsingunni skal hann tafarlaust að beiðni Vegagerðarinnar geta lagt fram sönnunargögn um að hann uppfylli kröfur sem gerðar eru í framangreindum liðum útboðslýsingar, komi tilboð hans til greina.

Hafi bjóðandi í fyrri útboðum lagt fram ársreikninga fyrir þau ár sem tilgreind eru í lið 2.2.2, nægir að vísa til þeirra.

Vanti upplýsingar samkvæmt ofangreindu mun verkkaupi vísa tilboði frá við yfirferð gagna.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum, frekari upplýsingum eða skýringum telji hann þörf á til þess að meta hæfi bjóðenda.

Samkvæmt lögum um opinber innkaup (120/2016) eru frávíkstilboð óheimil nema að tekið sé sérstaklega fram að þau séu heimil og þarf þá að geta skilyrða fyrir gerð þeirra.

1.7 Verkkaupi

Greina skal frá því hver er verkkaupi í verkinu og hver verður umsjónarmaður verkkaupa.

Verkkaupi er Vegagerðin Borgartúni 7, 105 Reykjavík. Umsjónaraðili verkkaupa verður (nafn umsjónarmanns) (heimilisfang,) og skulu öll samskipti bjóðenda á útboðstíma og verktaka á verk tíma vera við umsjónarmann.

Öll samskipti og miðlun upplýsinga á útboðstíma skulu fara fram með rafrænum aðferðum í TendSign útboðskerfinu.

Ef tengiliður á útboðstíma er annar en umsjónaraðili skal geta þess á sama hátt.

Ef ekki er búið að ákveða umsjónarmann á verktíma t.d. vegna þess að eftirlit verður boðið út skal geta þess sérstaklega.

1.8 Hæfi bjóðenda

Í þessum kafla er lýst hæfiskröfum til bjóðenda.

Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins, telst tilboð hans ógilt skv. 82. gr. lög um opinber innkaup

Bjóðanda er heimilt að fylla út og skila með tilboði samevrópsku hæfisyfirlýsingunni sem er aðgengileg bæði á íslensku og/eða á ensku á heimasíðu Ríkiskaupa.

<http://www.rikiskaup.is/utbod/haefisyfirlýsing---espd/>

Komi tilboð bjóðanda til greina skal hann tafarlaust að beiðni Vegagerðarinnar geta lagt fram þau sönnunargögn sem krafist er í kafla 1.6 Gerð tilboðs.

Kjosi bjóðandi frekar að fylla ekki út samevrópska yfirlýsingu um hæfi, skal hann skila öllum umbeðnum gögnum um hæfi með tilboði sbr. kröfur í kafla 1.6.

Ef fyrirtæki byggir á fjárhagslegri eða tæknilegri getu annars aðila í samræmi við 76. gr. laga um opinber innkaup skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar um þann aðila.

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, eða gögnum sem Vegagerðin hefur áskilið sér rétt til að óska eftir.

1) Hæfi bjóðenda í útboðum þar sem áætlaður verktakakostnaður er undir viðmiði í töflu um hæfisflokkun.

Í útboðum þar sem áætlaður verktakakostnaður er undir útboðsskyldu samkvæmt lögum er heimilt að gera minni hæfiskröfur en í útboðsskyldum verkum. Þó geta slík verk verið sérstaklega erfið tæknilega eða að verkkaupi tekur mikla áhættu og að það getur haft miklar afleiðingar í för með sér ef verkið er ekki unnið eins og áformað er. Við slíkar aðstæður skal nota sömu hæfiskröfur og í verkum yfir viðmiðunarpappírnum.

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.:

- *Bjóðandi skal leggja fram með tilboði útfyllt eyðublað: Fylgiskjal (númer fylgiskjals). Gæðakerfi fyrir verk undir útboðsskyldu og þjónustuverkefni*
- *Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi*

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi fjárhagskröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.:

- *Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði*
- *Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði*
- *Uppfylli bjóðandi ekki þessi skilyrði verður tilboði hans vísað frá.*

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.

Vakin er athygli á að tilboðum kann að vera vísað frá ef einhver atriði sem um getur í 68. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 eiga við um bjóðanda.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin þrjú ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

2) Hæfi bjóðenda í útboðum á verkum yfir lágmarksfjárhæð í töflu um hæfisflokkun.

Opinberir verkkaupar hafa í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og samtök verktaka skilgreint mat á hæfi bjóðenda í útboðum verka. Hæfismat gildir einungis fyrir verk sem eru yfir viðmiðunarupphæðum um útboðsskyldu eins og þær eru skilgreindar hverju sinni. Viðmið og kröfur um mat á hæfi byggjast á mati á því hvaða áhættu verkkaupar eru tilbúnir til að taka hvað varðar framvindu og kostnað. Forðast ber að kröfurnar hræði mögulega þátttakendur frá því að leggja fram tilboð. Helsta markmiðið er að finna rétt jafnvægi á milli áhættu og samkeppni.

Ekki skal gera strangari reynslu- og fjárhagskröfur en nauðsynlegt er og þær eiga að vera í samræmi við áhættu verkkaupa og stærð samnings. Stærð samnings og áhætta verkkaupa ráða hæfisflokkun og er greint á milli fjögurra stærðarflokka og þriggja áhættuþrepa.

Leggja ber aðaláherslu á að meta afleiðingarnar fyrir verkkaupann, verði verkið ekki framkvæmt eins og áformað var. Sú áhætta byggist á því hve flókið verkið er, hve erfitt það er og stærð þess og afleiðingum á önnur og tengd verkefni. Markaðspættir geta þar einnig átt hlut að máli.

Kröfur í einstökum útboðum eru ákveðnar á grundvelli stærðar og áhættuþreps í samræmi við eftirfarandi töflu (upphæðir eru áætlaður verktakakostnaður með VSK):

Hæfisflokkun				
	Áætlaður verktakakostnaður í m.kr. með VSK			
	60-200	200 - 500	500 – 1.000	>1.000
Lítill áhætta	A	A	B	C
Áhætta í meðallagi	A	B	C	C
Mikil áhætta	B	C	C	C

Meta þarf fyrir hvert verkefni áhættu Vegagerðarinnar. Sem dæmi um verkefni með lítilli áhættu má nefna hefðbundna efnisflutninga og efnisvinnslu. Verkefni með meðaláhættu geta verið vegagerð með bundnu slitlagi, styrking vega og gerð

bundins slitlags. Verkefni með mikilli áhættu geta verið verkefni þar sem umferð er mikil, brúargerð, gerð jarðganga og verkefni þar sem tímamörk eru þröng.

Hér er fjallað um sérstakar kröfur til bjóðenda í hverjum hæfisflokki.

Hæfisflokkur A

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.:

- *Bjóðandi skal uppfylla a.m.k. annað af eftirtöldum skilyrðum: Bjóðandi skal hafa unnið a.m.k. eitt verkefni svipaðs eðlis fyrir verkkaupa eða annan aðila á sl. 7 árum eða tilgreindur yfirstjórnandi (verkefnisstjóri/verkstjóri) stjórnað slíku verki*
- *Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi*
- *Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun*

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi fjárhagskröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.:

- *Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt*
- *Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði*
- *Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði*

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- *Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.*
- *Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.*

Vakin er athygli á að tilboðum kann að vera vísað frá ef einhver atriði sem um getur í 68. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 eiga við um bjóðanda.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin þrjú ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Hæfisflokkur B

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.:

- *Bjóðandi skal á sl. 7 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið xx% (velja skal hlutfall á bilinu 40-60% eftir eðli verks) af tilboði í þetta verk. Við þennan samanburð mun verkkaupi taka tillit til verðbreytinga miðað við byggingarvísitölu.*

Framangreindar hlutfallstölur ráðast af eðli verka og ákvörðun verkkaupa hverju sinni en skulu þó hvorki vera lægri en 40% né hærri en 60%.

- *Yfirstjórnandi (Verkefnisstjóri/verkstjóri) verks skal hafa á sl. 7 árum stjórnad a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. xx% (velja skal hlutfall á bilinu 40-60% eftir eðli verks) af tilboði bjóðanda í þetta verk. Við þennan samanburð mun verkkaupi taka tillit til verðbreytinga miðað við byggingarvísitölu.*

Framangreindar hlutfallstölur ráðast af eðli verka og ákvörðun verkkaupa hverju sinni en skulu þó hvorki vera lægri en 40% né hærri en 60%.

- *Bjóðandi skal hafa á sínuum vegum tæknimenntaðan starfsmann*
- *Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki*
- *Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun*

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi fjárhagskröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6:

- *Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 50% af tilboði bjóðanda í viðkomandi verk án virðisaukaskatts. (Ef verktími er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verktíma)*
- *Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt skv. ársreikningi. (Ef umfang samnings er yfir 400 m.kr.með VSK skal eigið fé bjóðanda vera jákvætt samkvæmt ársreikningi endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda). Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.*
- *Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld eða standi við greiðsluáætlun eða greiðsluuppgjör við innheimtumenn, þegar hann skilar inn tilboði*
- *Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna, þegar hann skilar inn tilboð.*

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- *Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.*
- *Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.*

Vakin er athygli á að tilboðum kann að vera vísað frá ef einhver atriði sem um getur í 68. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 eiga við um bjóðanda.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin þrjú ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í

hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Hæfisflokkur C

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6:

- Bjóðandi skal á sl. 7 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið xx% (velja skal hlutfall á bilinu 50-80% eftir eðli verks) af tilboði í þetta verk. Við þennan samanburð mun verkkaupi taka tillit til verðbreytinga miðað við byggingarvísitölu.

Framangreindar hlutfallstölur ráðast af eðli verka og ákvörðun verkkaupa hverju sinni en skulu þó hvorki vera lægri en 50% né hærri en 80%.

- Yfirstjórnandi verks skal hafa á sl. 7 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. xx% (velja skal hlutfall á bilinu 50-80% eftir eðli verks) af tilboði bjóðanda í þetta verk. Við þennan samanburð skal taka tillit til verðbreytinga miðað við byggingarvísitölu.

Framangreindar hlutfallstölur ráðast af eðli verka og ákvörðun verkkaupa hverju sinni en skulu þó hvorki vera lægri en 50% né hærri en 80%.

- Bjóðandi skal hafa á sínuum vegum tæknimenntaðan starfsmann
- Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki
- Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi fjárhagskröfur og leggja fram með tilboði gögn þar að lútandi eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.:

- Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda hafi að lágmarki verið sem nemur 80% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í þetta verk síðastliðin 3 ár. (Ef verktími er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verktíma)
- Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt samkvæmt ársreikningi endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi. (Ef umfang samnings er yfir 1.000 m.kr. er gerð krafa um að eigið fé bjóðanda sé jákvætt sem nemur a.m.k. 5% af tilboðsfjárhæð).
- Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld eða standi við greiðsluáætlun eða greiðsluuppgjör við innheimtumenn, þegar hann skilar inn tilboði
- Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna, þegar hann skilar inn tilboði

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- *Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.*
- *Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða gert hefur verið hjá því árangurslaust fjárnám á sl. 6 mánuðum.*

Vakin er athygli á að tilboðum kann að vera vísað frá ef einhver atriði sem um getur í 68. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 eiga við um bjóðanda.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin þrjú ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

1.9 Val á tilboði

Algengast er að verkaupi velji fjárhagslega hagkvæmasta tilboð á grundvelli lægsta verðs og skal þá nota eftirfarandi texta:

Verkkaupi mun velja fjárhagslega hagkvæmasta tilboð á grundvelli lægsta verðs að uppfylltum þeim skilyrðum og kröfum sem koma fram í útboðslýsingu. Verkkaupi áskilur sér þó rétt til að hafna tilboðum sem eru meira en 20% yfir kostnaðaráætlun verkkaupa.

Ef um er að ræða val á tilboði á öðrum forsendum þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim með hliðsjón af 79. gr. laga um opinber innkaup (120/2016).

1.10 Verksamningur

Fyrir undirritun samnings þarf að ganga frá ýmsum formsatriðum varðandi verkið.

Fyrir undirritun samnings skal verktaki leggja fram verktryggingu vegna verksins, ábyrgðartryggingu verktaka og verkáætlun til samþykktar. Verkáætlun skal innihalda tímasetningar og samhengi verkþátta ásamt áætlun um greiðsluflæði. Einnig skal hann leggja fram skrá yfir vélar og tæki sem hann hyggst nota til verksins og lista yfir helstu verkstjórnendur. Hann skal einnig leggja fram upplýsingar um hvaða hluta samnings hann hyggst láta undirverktaka framkvæma og staðfestingu undirverktaka á þátttöku þeirra í verkinu.

1.11 Öryggis- og heilbrigðisráðstafanir

Í útboðsverkum Vegagerðarinnar skal gera öryggis- og heilbrigðisráðstafanir í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í útboðsverkum þar sem um er að ræða einn verktaka á vinnustað með 1 - 9 starfsmenn skal að lágmarki setja fram kröfur um að verktaki leggi fram öryggisáætlun og viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa á verkstað. Ef um vinnubúðir er að ræða í verkinu skal leggja fram viðbragðsáætlun vegna bruna. Áætlanir skal leggja fram fyrir undirritun samnings.

Þetta á við í einföldum verkum með litla áhættu í hæfisflokki A og einnig í verðkönnunarverkum sem eru verk undir útboðsviðmiðum.

Ef um er að ræða verk með einum verktaka og 1 – 9 starfsmönnum en með aukna hættu á slysum samkvæmt viðauka II 547/1996 eða verk í hæfisflokki B og C þarf að taka afstöðu til þess hvort gera eigi auknar kröfur til öryggismála í verkinu og þá þannig að verktaki leggi fram öryggis- og heilbrigðisáætlun og geri kerfisbundna áhættugreiningu.

Ef tveir verktakar eða fleiri eru að störfum á verkstað eða starfsmenn fleiri en tíu skal gera kröfu um að verktaki leggi fram, auk öryggisáætlunar og viðbragðsáætlunar, öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir viðkomandi verk. Þetta getur átt við verk í öllum hæfisflokkum, A, B og C.

Ef um er að ræða samskonar verk, en aukna hættu á óhöppum eða slysum samkvæmt viðauka II 547/1996 skal ákveða hvort gera eigi þá kröfu til verktaka að hann geri kerfisbundna áhættugreiningu fyrir verkið.

Þá skal verktaki einnig skipa samræmingaraðila öryggismála. Samræmingaraðila er ætlað að framfylgja öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir verkið og sjá um skráningu á öllum þáttum er varða öryggismál í verkinu, jafnt hjá aðalverktaka sem og undirverktökum. Þar skal m.a. skrá atvik sem hefðu getað valdið slysi. Samræmingaraðili annast samskipti við Vinnueftirlitið og ber ábyrgð á því að tilkynnt sé um öll vinnuslys í verkinu.

Yfirlit yfir kröfur til öryggis- og heilbrigðisráðstafana í útboðsverkum				
Skilgreining á verkum m.t.t. krafna um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir	Öryggisáætlun (merkingar-áætlun innif.)	Viðbragðs-áætlun vegna slysa og óhappa og bruna ef við á	Öryggis- og heilbrigðis-áætlun	Kerfisbundin áhættugreining verktaka
Verk með einn verktaka 1 – 9 starfsmenn. Hæfisflokkur A, lítil áhætta, verk undir viðmiðum um útboð.	x	x		
Verk með einn verktaka 1 – 9 starfsmenn. Vinna hættuleg sbr. 547/1996 viðauka II eða verk í hæfisflokki B eða C.	x	x	x	(x)
Verk með tvo eða fleiri verktaka, tíu starfsmenn eða fleiri samtímis. Allir hæfisflokkar.	x	x	x	
Verk með tvo eða fleiri verktaka, tíu starfsmenn eða fleiri samtímis. Vinna hættuleg sbr. 547/1996 viðauka II Allir hæfisflokkar.	x	x	x	x

Aðbúnaður verktaka skal allur vera í samræmi við lög, reglugerðir, leiðbeiningar Vinnueftirlitsins og ákvæði í samningum við verkalýðsfélög þar að lútandi sem í gildi eru á Íslandi.

Öryggisáætlun, viðbragðsáætlanir, öryggis- og heilbrigðisáætlun og kerfisbundin áhættugreining verktaka er háð samþykki umsjónarmanns verkkaupa.

Í verkum þar sem áætlað er að einn verktaki verði að störfum með 1 – 9 starfsmenn í verki sem fellur ekki undir viðauka II í reglum nr. 547/1996 og er í hæfisflokki A eða er undir útboðsviðmiðum:

Verktaki skal leggja fram, fyrir undirritun samnings, öryggisáætlun og viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa og viðbragðsáætlun vegna bruna (ef við á).

Í verkum þar sem áætlað er að einn verktaki verði að störfum með 1 – 9 starfsmenn í verki sem fellur undir viðauka II í reglum nr. 547/1996 eða er í hæfisflokki B eða C:

Verktaki skal leggja fram, fyrir undirritun samnings, öryggisáætlun, viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa, viðbragðsáætlun vegna bruna (ef við á) ásamt öryggis- og heilbrigðisáætlun. Hann skal einnig leggja fram kerfisbundna áhættugreiningu svo skipuleggja megi vinnu þannig að áhættu sé mætt með mótvægisáðgerðum (ef við á).

Í verkum þar sem áætlað er að tveir eða fleiri verktakar verði að störfum með 10 starfsmenn eða fleiri, í verki sem fellur ekki undir viðauka II í reglum nr. 547/1996. Getur átt við alla hæfisflokka:

Verktaki skal leggja fram, við undirritun samnings, öryggisáætlun, viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa, viðbragðsáætlun vegna bruna (ef við á) ásamt öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Í verkum þar sem áætlað er að tveir eða fleiri verktakar verði að störfum með 10 starfsmenn eða fleiri, í verki sem fellur undir viðauka II í reglum nr. 547/1996. Getur átt við alla hæfisflokka:

Verktaki skal leggja fram, við undirritun samnings, öryggisáætlun, viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa, viðbragðsáætlun vegna bruna (ef við á) ásamt öryggis- og heilbrigðisáætlun. Hann skal einnig leggja fram kerfisbundna áhættugreiningu svo skipuleggja megi vinnu þannig að áhættu sé mætt með mótvægisáðgerðum.

Bent er á ritið Öryggishandbók vegna framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar sem er ætluð verktökum og starfsmönnum verkkaupa. Handbókinni er ætlað að skýra þær kröfur sem gerðar eru um áætlanir, skráningu og aðgerðir vegna öryggis- og heilbrigðismála í verkum. Öryggishandbókin er vistuð á ytri vef Vegagerðarinnar undir slóðinni: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/oryggishandbok-framkvaemda/>

1.12 Gæðakerfi verktaka

Í öllum verkum er ástæða til að fylgjast með gæðum og að kröfur séu uppfylltar. Í stórum og flóknum verkum er meiri ástæða en annars til að verktakar geri grein fyrir því hvernig þeir hyggjast tryggja gæði verkanna.

Gera skal kröfu um skilgreint gæðastjórnunarkerfi í öllum útboðsskyldum verkum Vegagerðarinnar á eftirfarandi hátt.

Fyrir útboð þar sem áætlaður verktakakostnaður er undir viðmiði í töflu um hæfisflokkun (sbr. gr. 1.8 Hæfi bjóðenda).

Gerð er krafa um að bjóðandi vinni samkvæmt framlögðu gæðastjórnunarkerfi verkkaupa og leggi fram með tilboði útfyllt eyðublað eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.: Fylgiskjal (númer fylgiskjals). Gæðakerfi fyrir þjónustuverkefni og verk undir útboðsskyldu.

- *Á verktíma skal verktaki leggja fram til samþykktar niðurstöður mælinga og prófana samkvæmt kröfum útboðsgagna ásamt fullgildum uppruna- og gæðavottorðum.*

Verkkaupa er heimilt að gera úttekt á notkun gæðastjórnunarkerfis.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal nota eftirfarandi texta.

- *Á verktíma skal verktaki leggja fram útfylltar dagskýrslur sem og eyðublöð sem sýna og staðfesta að viðhald búnaðar sé samkvæmt kröfum*
- *Verkkaupa er heimilt að gera úttekt á notkun gæðastjórnunarkerfis.*

Fyrir hæfisflokk A (sbr. gr. 1.8 Hæfi bjóðenda).

Gerð er krafa um að bjóðandi vinni samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og leggi fram gögn þar að lútandi.

Gæðastjórnunarkerfið skal taka mið af ÍST EN ISO 9001 staðlinum.

Gæðastjórnunarkerfið skal hafa að markmiði að allar aðgerðir séu kerfisbundnar og auðraktar. Það skal innifela skipulagða skjalavistun og handbók sem er viðhaldið.

Bjóðandi skal með tilboði leggja fram að lágmarki eftirfrandi upplýsingar um það gæðastjórnunarkerfi sem hann ætlar að vinna með eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6.

- *Starfssvið fyrirtækisins, stjórnskipulag þess og ábyrgðarskipting.*
- *Verklagsreglu um stýringu skjala og gagna (hvernig er tryggt að verið sé að nota rétta útgáfu gagna í verki)*
- *Verklagsregla um vistun og geymslu skjala*
- *Verklagsregla(ur) um meðferð frábrigða og umbætur*

Verktaki með vottað gæðastjórnunarkerfi fyrir viðkomandi starfsemi getur skilað vottunarskírteini.

Fyrir verkbyrjun skal verktaki leggja fram stjórnskipulag verks og ábyrgðarskiptingu.

- Á verktíma skal verktaki leggja fram til samþykktar niðurstöður mælinga og prófana samkvæmt kröfum útboðsgagna ásamt fullgildum uppruna- og gæðavottorðum. Verktaki skal afhenda verkaupa þessi gögn í verklok sem hluta af verkskilum.

Verkkaupa er heimilt að gera úttekt á gæðastjórnunarkerfi verktaka.

Fyrir hæfisflokka B og C gildir (sbr. gr. 1.8 Hæfi bjóðenda)

Gerð er krafa um að bjóðandi vinni samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skal hann eða stjórnendur verksins hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki og leggja fram gögn þar að lútandi.

Gæðastjórnunarkerfið skal taka mið af ÍST EN ISO 9001 staðlinum.

Gæðastjórnunarkerfið skal hafa að markmiði að allar aðgerðir séu kerfisbundnar og auðraktar. Það skal innifela skipulagða skjalavistun og handbók sem er viðhaldið.

Bjóðandi skal með tilboði leggja fram að lágmarki eftirfarandi upplýsingar um það gæðastjórnunarkerfi sem hann vinnur með ásamt upplýsingur um verk þar sem gæðastjórnunarkerfið hefur verið notað eða gera grein fyrir hæfi sínu í hæfisyfirlýsingu sbr. kafla 1.6..

- Hlutverk og starfssvið fyrirtækisins, stjórnskipulag þess og ábyrgðarskipting.
- Gæðastefna
- Verklagsreglu um stýringu skjala og gagna (hvernig er tryggt að notuð sé rétt útgáfa gagna)
- Verklagsregla um vistun og geymslu skjala
- Verklagsregla(ur)um meðferð frábrigða og umbætur

Verktaki með vottað gæðastjórnunarkerfi fyrir viðkomandi starfsemi getur skilað vottunarskírteini.

Fyrir verkbyrjun skal verktaki leggja fram stjórnskipulag verks og ábyrgðarskiptingu.

- Á verktíma skal verktaki leggja fram til samþykktar niðurstöður mælinga og prófana samkvæmt kröfum útboðsgagna ásamt fullgildum uppruna- og gæðavottorðum. Verktaki skal afhenda verkaupa þessi gögn í verklok sem hluta af verkskilum.

Verkkaupa er heimilt að gera úttekt á gæðastjórnunarkerfi verktaka.

1.13 Umhverfismál og viðbrögð við mengunaróhöppum

Samkvæmt lögum um brunavarnir er mengunaróhapp skilgreint þannig: „Þegar eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og tafarlaus

upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum“. Samkvæmt lögum er verktaki skyldugur til þess að tilkynna eldsvoða og mengunaróhöpp til viðkomandi slökkviliðs. Ef umfang eða edli mengunar er slíkt að ætla megi að almenningi stafi hættu af skal nota neyðarskipulag almannavarna. Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hættu sé að því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal verktaki haga framkvæmdum á grunnvatnssvæðum þannig að tryggt sé að ástand þeirra versni ekki.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs ber verktaka að flokka úrgang í samræmi við kröfur viðkomandi sveitarfélags og gæta þess að eiga aðeins viðskipti við móttöku- og söfnunarstöðvar sem hafa gilt starfsleyfi. Námuúrgangsstaðir verktaka skulu hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir. Verktaki skal halda skrár um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra.

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal verktaki ávallt gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Samkvæmt lögum um landgræðslu er sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, skyldur að bæta þau.

Viðbúnaður verktaka skal allur vera í samræmi við lög og reglugerðir. Verktaki skal hafa viðbragðsáætlun sem er ætlað að fyrirbyggja mengunaróhöpp og/eða að draga úr óæskilegum áhrifum af völdum slíkra óhappa við framkvæmdir. Í henni skal koma fram eftir því sem við á:

- *Neyðarsímanúmer*
- *Áætlun um samskipti vegna óhappa eða neyðartilvika*
- *Áætlun um viðbrögð við óhöppum.*

Óhöpp sem gætu valdið mengunarslysi eru m.a.:

- *Olíu- eða efnaleki úr tækjum, brúsum og olútönkum*
- *Bruni á asfalti, bikþeytu eða þunnbiki*
- *Bruni á viðloðunarefni*
- *Leki á asfalti, bikþeytu, þunnbiki, viðloðunarefni eða lífolíu/lýsi*
- *Mikill efnaleki við flutninga á vegum*
- *Óhöpp á vatnsverndarsvæðum*
- *Eldsvoði*
- *Skemmdarverk*

1.14 Skilyrði

Ef nauðsynlegt er að fram komi einhver skilyrði vegna ytri aðstæðna er rétt að bæta við liðum í yfirliti til að skilgreina þau. Slík skilyrði geta t.d. verið vegna mats á umhverfisáhrifum, náttúruhamförum, framkvæmda í þjóðgörðum og á grunnvatnssvæðum.

1.14.1 Almenn

Hér komi fram upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og afgreiðslu þess, ef um slíkt er að ræða, og þeim skilyrðum sem sett hafa verið vegna

matsins. Ef framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum er rétt að taka það fram.

1.14.2 Vinnubúðir

Ef samið hefur verið um ákveðinn stað eða staði fyrir vinnubúðir þarf að láta það koma fram. Að öðrum kosti kemur eftirfarandi texti.

Verktaki skal afla tilskilinna leyfa til uppsetningar vinnubúða og skal það gert í samráði við umsjónarmann verkkaupa, Heilbrigðiseftirlit, viðeigandi sveitarstjórnir og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

1.14.3 Skipulag og leyfi

Almennt á ekki að bjóða verk út fyrr en fyrir liggja samningar við landeigendur og framkvæmdaleyfi. Þegar framkvæmdaleyfi liggur fyrir er rétt að greina frá því á eftirfarandi hátt.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur verkkaupi fengið framkvæmdaleyfi hjá (heiti sveitarfélags).

Sé um að ræða frávik frá því þarf að geta þess í útboðsgögnum.

Dæmi vegna óútgefins framkvæmdaleyfis: *Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur verkkaupi sótt um framkvæmdaleyfi til (heiti sveitarfélags). Gert er ráð fyrir að leyfið verði gefið út þegar aðalskipulag hefur verið samþykkt*

Dæmi vegna ólokinnna samninga við landeigendur: *Samningum er ekki lokið við alla landeigendur. Þjóðendur skulu því gera ráð fyrir að geta ekki hafið framkvæmdir (stöðvabil) fyrr en (dagsetning).*

Greina þarf frá því hvort á framkvæmdasvæðinu eru einhverjar menningarminjar og meðhöndlun þeirra mála.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Dæmi: *Rústir hafa komið í ljós nálægt vegsvæði í stöð (stöðvanúmer) og mun verkkaupi láta grafa í þær áður en framkvæmdir hefjast.*

Einnig þarf að taka fram meðhöndlun leyfa vegna framkvæmda við ár og vötn.

Framkvæmdir í eða við veiðivatn eru háðar leyfi Fiskistofu og mun verkkaupi afla þeirra leyfa.

Framkvæmdir sem tengjast vatni eða vatnafari eru tilkynningaskyldar til Orkustofnunar eða háðar leyfi stofnunarinnar og mun verkkaupi sjá um þá tilkynningarskyldu og afla leyfa ef þörf krefur.

Verktakar þurfa að sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæði vegna starfsemi sem hefur í för með sér mengun.

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæðis samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sé mengun.

1.14.4 Lög og reglugerðir

Verktaki skal við framkvæmd verksins fara í einu og öllu að íslenskum lögum og reglugerðum og uppfylla þær kröfur sem opinber yfirvöld setja honum eða starfsemi hans.

Verktaki skal afhenda eftirliti verkkaupa skriflega staðfestingu á að hann hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnuálastofnunar í samræmi við lög nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til

Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, og lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005, sbr. 22. gr. laga nr. 45/2007.

1.15 Merking vinnusvæða

Í öllum verkum þar sem krafist er sérstakra vinnusvæðamerkinga þarf að greina frá eftirfarandi meðhöndlun mála.

Við gæðaúttekt, sem getur verið gerð hvenær sem er á framkvæmdatímanum, eru teknar til skoðunar allar þær merkingar sem eiga að vera uppi við þá verkefnastöðu sem þá er þegar úttektin er gerð. Ef breytingar á fyrirkomulagi merkinga og/eða merkingaráætlun hafa verið gerðar skulu þær lagðar til grundvallar svo framarlega sem þær hafa verið teknar fyrir, samþykktar af fulltrúa verkkaupa og bókaðar í verkfundargerð.

1.16 Tryggingar og ábyrgðir verktaka

Verktaki ber alla ábyrgð á framkvæmd verksins og jafnframt vinnu undirverktaka sinna, ef einhverjir verða.

Verktaki skal hafa ábyrgðartryggingu sem bætir þann skaða sem hann kann að valda við framkvæmdina, jafnt verkkaupa sem þriðja aðila.

Verktaki skal sanna fyrir verkkaupa að hann hafi þá ábyrgðartryggingu sem krafist er.

Verktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns.

Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna verkkaupa fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem þess er óskað.

Verktaki ber ábyrgð á og skal hafa í gildi og viðhalda tryggingum fyrir tjóni vegna slysa, veikinda, sjúkdóma, sjúkrakostnaðar eða dauða sem starfsmenn verktaka verða fyrir og rekja má til framkvæmda verksins. Verktaki ber ábyrgð á að undirverktakar og starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra hafi samskonar tryggingar. Um lágmarks ábyrgðarfjárhæðir trygginga og aðra skilmála skal miða við ákvæði um skyldutryggingar í kjarasamningum hverju sinni. Verktaki skal halda verkkaupa skaðlausum af kröfum starfsmanna, verktaka, undirverktaka og starfsmannaleiga sem rekja má til slíkra tilvika. Slík trygging skal vera í gildi allan verktímamann og er verktaka skylt að afhenda afrit af tryggingarskírteini sem sýna að slík trygging sé fyrir hendi.

Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna verkkaupa fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem þess er óskað.

Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða verktaki getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati verkkaupa, er verkkaupa heimilt að innheimta dagsektir úr hendi verktaka að fjárhæð allt að kr. 50.000 með VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru ekki uppfyllt, eða fyrir hvern

dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr. Nái heildarfjárhæð dagsekta 10% af samningsfjárhæð er verkkaupa heimilt að rifta samningi.

Verkkaupa er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á.

Ef verkkaupi leggur til búnað við framkvæmd verksins gildir eftirfarandi staðaltexti:

Verktaki tryggir þann búnað sem verkkaupi leggur til. Tryggingin skal bæta tjón vegna skemmda á búnaðinum og skulu bætur greiddar beint til verkkaupa. Tryggingin skal vera í gildi á þjónustutíma samningsins.

Vátryggingarupphæðin skal vera nægjanleg til að bæta það tjón sem verkkaupi kann að verða fyrir. Verktaki ábyrgist sjálfsáhættu samkvæmt vátryggingarskilmálum svo og allar kröfur af hálfu tryggingarfélags vegna brota á vátryggingarskilmálum.

Í vetrarþjónustuútboðum skal nota eftirfarandi texta.

Vátryggingarupphæð fyrir sand/saltdreifara með þækilbúnaði skal vera kr. x.xxx.xxx,-, án þækilbúnaðar kr xxxxx fyrir kastplóga og tennur kr xxxxxx. (ath. hafa skal samráð við rekstrardeild um upphæðir). Vátryggingarupphæð verður endurskoðuð 1. september ár hvert.

1.17 Samskipti

Öll samskipti á verk tíma varðandi samningsgögnin og verkið skulu fara fram á íslensku.

Með samskiptum er átt við hvers konar munnleg og skrifleg samskipti svo sem orðsendingar, verkfundagerðir, bréf, rannsóknarniðurstöður o.s.frv.

1.18 Viðauki vegna Covid-19

Vakin er athygli á því að upp hafa komið sérstakar aðstæður í samfélaginu vegna heimsfaraldurs COVID-19 sem kunna að valda kostnaði og óþægindum í allri starfsemi, þ.m.t. í verkinu. Finna má upplýsingar um þær ráðstafanir sem grípa þarf til á heimasíðu landlæknisembættisins, landlaeknir.is og síðunni covid.is. Þjóðendur skulu í tilboði gera ráð fyrir hverskyns kostnaði sem kann að falla til vegna þeirra ráðstafana sem fyrirséð er að grípa þurfi til vegna faraldursins.

Verði breytingar á ástandinu sem hafa í för með sér ófyrirséðar takmarkanir umfram það sem þegar liggur fyrir fellst verkkaupi á að mögulega kunni að vera nauðsynlegt að endurskoða verk tíma í verkinu með hliðsjón af þeim aðstæðum. Miða skal við að ef upp koma álitamál er varða kostnaðarauka og óhagræði vegna Covid-19 ráðstafana sem ekki voru fyrirséðar við tilboðsgerð muni verkkaupi og verktaki ræða það sérstaklega og leysa úr álitamálum sem upp kunna að koma.

Verktaki skal þegar í stað upplýsa verkkaupa komi upp þær aðstæður í verkinu sem tengjast Covid-19 faraldrinum sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd verksins.

2 Samningsskilmálar

2.1 Almennir samningsskilmálar

Sem almennir samningsskilmálar útboðsgagna þessara gildir ÍST30:2012, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir með þeim breytingum sem hér fara á eftir.

2.2 Sérskilmálar

Hér á eftir er vitnað til greina og undirgreina í ÍST30:2012 þar sem sérskilmálar kveða nánar á um, skýra og breyta þessum greinum. Fyrirsagnir liða í útboðslýsingu eru þær sömu og fyrirsagnir viðkomandi greina í ÍST30:2012.

2.2.1 Efni tilboðs

Til viðbótar við undirgrein 2.4.6 í ÍST30:2012 kemur eftirfarandi texti:

Verktaki skal tilnefna einn aðila sem stjórnanda verksins. Skal hann hafa fullt umboð til að koma fram fyrir hönd þeirra sem að tilboðinu standa og er fullnægjandi að verkkaupi sendi honum einum tilkynningar er varða framkvæmd verksins. Í slíkum tilvikum skal af hálfu verktaka gerður einn sameiginlegur reikningur.

2.2.2 Upplýsingar um bjóðendur

Í stað 1. mgr. undirgreinar 2.5.4 í ÍST30:2012 kemur eftirfarandi texti:

Bjóðendur skulu leggja fram þær upplýsingar sem getið er um í undirgreinum a), b), c), f) og h) og mun verkkaupi sannreyna þær eftir opnun tilboða.

Í stað undirgreinar b) kemur eftirfarandi texti:

Staðfestar upplýsingar um fjárhag og veltu fyrirtækisins:

1. Ársreikninga fyrir árin 20xx og 20xy. Frágangur og áritun ársreikninga skal vera í samræmi við hæfiskröfur í gr. 1.8. Hafi bjóðandi í fyrri útboðum lagt fram ofangreinda ársreikninga nægir að vísa til þeirra.

Í útboðum þar sem tilboð eru opnuð eftir 1. apríl skal síðara árið vera árið fyrir útboðsár, en árið þar á undan þegar tilboð eru opnuð á tímabilinu janúar-mars.

Í útboðum sem opnuð eru á tímabilinu 1. apríl - 30. ágúst skal nota eftirfarandi viðbótartexta um skil á ársreikningum.

Liggi ársreikningur fyrir árið 201x ekki fyrir er bjóðanda heimilt að leggja fram drög að ársreikningi sem sýna fram á fjárhagsstöðu hans.

2. Skriflega yfirlýsingu frá innheimtuadilum ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis að bjóðandi hafi greitt opinber gjöld undanfarin tvö ár og sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða standi við greiðsluáætlun eða greiðsluuppgjör við innheimtumenn.

3. Skriflega yfirlýsingu lífeyrissjóða starfsmanna bjóðanda um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Í yfirlýsingu komi fram hvenær síðast var greitt í lífeyrisjóði og fjöldi starfsmanna sem greitt var fyrir.

Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Með undirritun tilboðs veitir bjóðandi verkkaupa heimild til að sannreyna upplýsingar hjá innheimtumönnum opinberra gjalda og vörsluaðilum lífeyrissjóða.

2.2.3 Frestur til að taka tilboði

Samkvæmt undirgrein 2.6.1 í ÍST30:2012 er bjóðandi bundinn af tilboði sínu í fjórar vikur frá því að tilboð voru opnuð, hafi ekki verið settur annar frestur í

útboðsgögnum til samþykkis tilboða. Í stórum og flóknum verkum er ástæða til að hafa gildistíma tilboða lengri. Vegna breytilegs gildistíma tilboða eftir verkum skal ávallt tilgreina gildistíma tilboða, hvort sem hann er í samræmi við staðalinn eða lengri.

Þjóðandi er bundinn af tilboði sínu í (tilgreina vikufjölda) vikur frá því að tilboð voru opnuð.

2.2.4 Verktrygging

Þar sem ÍST30:2012 kveður á um heimild til að krefjast verktryggingar er nauðsynlegt að skilgreina hana í öllum útboðum og skal það gert með eftirfarandi texta:

Í stað undirgreinar 3.5.2 kemur eftirfarandi texti:

Til tryggingar því að verktaki efni skyldur sínar samkvæmt samningi skal hann leggja fram verktryggingu sem nemur 10% af samningsupphæð.

Ef um er að ræða árstíðabundin verkefni, þar sem samningur er til lengri tíma en eins árs, er heimilt að fella verktryggingu niður utan þjónustutímabils og skal þá nota eftirfarandi viðbótartexta.

Heimilt er að fella verktryggingu niður utan þjónustutímabils.

Ef heimilt er að framlengja verksamning skal nota eftirfarandi viðbótartexta.

Ef verksamningur er framlengdur skal verktaki gefa út nýja verktryggingu sem nemur 10% af samningsupphæð með verðbótum.

2.2.5 Frestir - tafabætur

Í stað undirgreinar 5.2.5 kemur eftirfarandi texti:

Ef verktaki lýkur ekki verkinu, eða skilgreindum hlutum þess, fyrir lok skilafrests, skal hann greiða verkkaupa dagsektir samkvæmt samningi. Þær skulu nema tilgreindri upphæð eða ákveðnum hundradshluta af samningsupphæð, fyrir hvern almanaksdag sem það dregst, að verkinu sé lokið að fullu eftir að samningsbundinn skilafrestur er útrunninn. Dragist verk yfir vetur skal reikna dagsektir frá samningsbundnum verklokadegi til þess dags, þegar hætta verður verki að mati umsjónarmanns verkkaupa, þó aldrei skemur en í einn mánuð, og síðan frá 15. júní næsta ár til verkloka. Við útreikning á lengingu verktíma vegna magnaukningar skal miða við, að lenging sé í réttu hlutfalli við eðlilegan verktíma og að magnaukning hafi áhrif á gang verksins en ekki allan þann tíma sem verktaki hefur til að ljúka verkinu.

3 Greiðslur, verðlagsákvæði

Almennt gildir grein 5.1 Greiðslur og reikningsskil í ÍST30:2012 um greiðslur til verktaka. Hér þarf þó að gera grein fyrir greiðslum ef þær eru frábrugðnar því sem staðalinn gerir ráð fyrir. Einnig þarf að gera grein fyrir verðbótum og fyrirframgreiðslum til verktaka og hvort um slíkt er að ræða.

3.1 Greiðslur

Uppgjör miðast við verkframvindu og getur verktaki einungis gefið út reikninga samkvæmt verkframvindu sem samþykkt hefur verið af umsjónarmanni. Endanlegt uppgjör á verkþáttum þar sem verkkaupi leggur til efni fer ekki fram fyrr en

verkkaupi og verktaki hafa undirritað sameiginlega staðfestingu á úttekt og efnisnotkun.

Ef greiðsluflæði vegáætlunar er hægara en framvinda verks getur þurft að víkja frá ákvæðum undirgreinar 5.1.4 í ÍST30:2012 til takmarkana á greiðsluskuldbindingum með eftirfarandi hætti:

Þrátt fyrir ákvæði undirgreinar 5.1.4 í ÍST30:2012, mun verkkaupi ekki greiða verktaka hærrí upphæð á árinu en m.kr. að meðtalinni fyrirframgreiðslu og hugsanlegum verðbótum verksins og skal verktaki miða áætlanir sínar við það. Skuldaviðurkenning mun verða gefin út fyrir reikningum umfram þessa hámarksfjárhæð. Skuldaviðurkenning þessi verður greidd eigi síðar en (dagsetning og ár). Af skuldarviðurkenningu mun verkkaupi greiða verktaka fasta vexti, sem skulu vera meðalvextir, fyrir ríkisvixla í útbóði óverðtryggðra ríkisverðbréfa með tilboðsfyrirkomulagi, því síðasta sem fram fer áður en skuldarviðurkenning er gefin út.

Ef verk er unnið á nokkrum árum getur þurft að takamarka áframhaldandi greiðslur innan hvers árs í samræmi við það fé sem er til ráðstöfunar samkvæmt vegáætlun.

Allir reikningar skulu vera með rafrænum hætti. Verktaki skal fylgja tækniforskriftum um einfaldan rafrænan reikning samkvæmt Staðlaráði Íslands: tækniforskrift TS-136 fyrir reikninga og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditnótur (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Forskriftirnar má nálgast á heimasíðu Staðlaráðs, án kostnaðar:

<https://www.stadlar.is/stadlastarf/fagstadlarad-i-upplýsingataekni/taekniforskriftir.aspx>.

Að auki má finna frekari leiðbeiningar um rafræna reikninga á heimasíðu Fjársýslu ríkisins:

<http://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/rafraenir-reikningar/>.

3.1.1 Uppgjör vetrarþjónustu

Verktaki skal færa dagskýrslur á því formi sem verkkaupi ákveður þar sem fram kemur skipting á snjómokstri, þ.e. moksturstæki og notkun þeirra. Uppgjör fer fram á grundvelli gagna úr ferilvöktunarbúnaði nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem torveldi slíkt. Í slíkum tilfellum fer uppgjör fram á grundvelli dagskýrslna, sem skilað skal til fulltrúa verkkaupa samdægurs eða daginn eftir að mokstur fer fram. Verkkaupi getur ákveðið að regluleg skil á gögnum um notkun tækja verði með rafrænum hætti, t.d. um farsímanet. Sé afgerandi munur á magni milli dagskýrslna og ferilvöktunarkerfis verða magntölur úr ferilvöktunarkerfinu látnar ráða í uppgjöri við verktaka nema ljóst sé að ferilvöktunarkerfi hafi ekki verið virkt umrætt tímabil. Verði misbrestur á að skýrslu sé skilað eða skýrslur rangt færðar getur uppgjöri seinkað.

3.1.2 Reiknireglur við uppgjör á vetrarþjónustu

Verktaki fær greitt í samræmi við eftirfarandi reiknireglur:

Annars vegar gefur verktaki upp einingarverð fyrir hvern ekinn kílómetra. Það einingarverð er margfaldað með áætluðu heildarmagni samnings á snjómoksturstímabilinu og myndar breytilegan hluta. Hins vegar gefur verktaki tilboð í fastan hluta samnings á snjómoksturstímabilinu. Þá er biðtími vélamanna sérstakur greiðsluliður sem bjóða skal í.

Á tilboðsblaði skal bjóða í þrjá tilboðsliði.

Greiðslur til verktaka undir liðum 92.21 og 92.26 mynda annars vegar breytilegan og hins vegar fastan hluta og skal tilboðsupphæð gefin fyrir hvorn hluta um sig, innan þeirra marka að fastur hluti samnings skal vera á bilinu 10% til 50%

af summu þessara tveggja liða. Tilboð sem ekki uppfylla þessa hlutfallskiptingu breytilega og fasta hluta teljast ógild og ber að vísa frá.

- *Tilboðsliður 92.21 Vetrarþjónusta, aðgerð með vörubíl*

Fyrir hvert uppgjörstímabil (hálfsmánaðarlega) er akstur gerður upp á einingarverði tilboðs. Verkmagn umfram áætlað heildarmagn samnings (>100%) er gert upp á einingarverði tilboðs. Engin lágmarksgreiðsla til verktaka er skilgreind í þessum samningi.

- *Tilboðsliður 92.26 Vetrarþjónusta, viðvera vörubíls*

Um er að ræða fastan hluta samnings sem greiðist með jöfnum greiðslum (hálfsmánaðarlega) á snjómoksturstímabilinu, óháð verkmagni. Fastur hluti samnings er skilyrtur viðveru einstakra tækja og getur þannig skerst hlutfallslega verði dráttur á því að tæki séu tilbúin til vetrarþjónustu við upphaf tímabils, eða hverfa úr þjónustu á tímabilinu. Hlutdeild hverrar vörubifreiðar í föstum hluta samnings tekur mið af skilgreindu viðverutímabili skv. grein 1.2.

- *Tilboðsliður 92.8 Biðtími vélamanna*

Verktaki skal gefa tilboð í biðtíma vélamanna. Tímagjald margfaldað með áætlunum fjölda klukkustunda í bið á snjómoksturstímabilinu myndar tilboðsfjárhæð liðarins. Fyrir hvert uppgjörstímabil (hálfsmánaðarlega) er biðtími gerður upp á tímagjaldi tilboðs.

- *Heildarsamningsfjárhæð er summa tilboðsliða 92.21, 92.26 og 92.8.*

Dæmi um uppgjör miðað við mismunandi verkmagn má sjá í fylgiskjali (númer fylgiskjals).

3.1.3 Endurskoðun á heildarmagni vetrarþjónustusamnings.

Heildarmagn samnings (áætlað akstursmagn) verður ekki endurskoðað á samningstímanum.

Uppgjör vetrarþjónustu á vegum utan skilgreindra þjónustuleiða eða skilgreinds þjónustutíma fellur undir uppgjör samnings. Einnig uppgjör fyrir vetrarþjónustu yfir svæðamörk (opin landamæri).

3.2 Verðlagsákvæði

Verðbætur eru almennt ekki greiddar á verk sem unnin eru á skemmri tíma en 12 mánuðum frá opnun tilboða og skal þess þá getið hér.

Engar verðbætur eru greiddar á einingaverð í þessu útboði

Ef samningstími er lengri en 12 mánuðir eru allir verksamningar verðbættir með eftirfarandi hætti.

3.2.1 Almennar verðbætur

Reikningar verða verðbættir miðað við byggingarvísitölu sem gildir í upphafi þess tímabils sem innheimt er fyrir.

Byggingarvísitala, reiknuð af Hagstofu Íslands er xxx,x stig fyrir (útboðsmánuður og ár) og skulu einingarverð í tilboði miðast við þá vísitölu.

Verðbætur falla niður verði vísitalan lægri en viðmiðunarvísitala á viðkomandi tíma.

Í útboðum á vetrarþjónustu skal nota eftirfarandi texta.

Reikningar verða ekki verðbættir fyrsta ár samnings (veturinn 2016-2017). Í byrjun annars árs samnings (annars tímabils) reiknast verðbætur sem nemur hækkun vísitölu á fyrsta ári samnings, á þriðja ári samnings reiknast verðbætur sem nemur hækkun á öðru ári samnings o.s.frv.

Eftir fyrsta ár samnings skal verðbæta reikninga miðað við vísitölu septembermánaðar næst á undan ár hvert.

Byggingarvísitala, reiknuð af Hagstofu Íslands er xxx,x stig fyrir (útboðsmánuður og ár) og skulu einingarverð í tilboði miðast við þá vísitölu.

Verðbætur falla niður verði vísitalan lægri en viðmiðunarvísitala á viðkomandi tíma.

3.2.2 Verðbætur á asfalti

Ef Vegagerðin leggur ekki til asfalt í klæðingar eða stungumalbik skal í útboðum til lengri tíma en 12 mánaða verðbæta asfalt á eftirfarandi hátt.

Nota þarf breytilegan texta eftir því hvort um er að ræða verkefni með klæðingum, stungumalbiki eða hvoru tveggja.

Verð á asfalti verðbætist miðað við breytingar á verði asfalts frá birgðatönkum Vegagerðarinnar frá útboðsmánuði miðað við eftirfarandi forsendur:

Verð á asfalti samkvæmt gjaldskrá í útboðsmánuði er ...kr./ltr af asfaltblöndu og kr./tonn á asfalti.

Áætlað magn asfaltsblöndu í klæðingu er ltr og er reiknað verðmæti þess því kr.

Áætlað magn asfalts í stungumalbik er tonn og er reiknað verðmæti þess því kr.

Við útreikning verðbóta er reiknað verðmæti asfalts í útboðsmánuði dregið frá tilboðsupphæð verktaka í stungumalbik/klæðingu og verðbættur miðað við ofanskráð. Eftirstöðvar tilboðsupphæðarinnar eru verðbættar samkvæmt grein 3.2.1 Almennar verðbætur.

3.3 Fyrirframgreiðsla

Verktaka er ekki greidd fyrirframgreiðsla nema samkvæmt sérstakri ákvörðun og skal því almennt nota orðalagið.

Engin fyrirframgreiðsla verður greidd í þessu verki.

Ef tekin er sérstök ákvörðun um fyrirframgreiðslu skal nota orðalagið.

Ef verktaki óskar þess mun verkkaupi greiða verktaka fyrirframgreiðslu til greiðslu undirbúningskostnaðar, að upphæð xx m.kr. Verktaki leggi þá fram bankatryggingu jafnháa eða jafngilda tryggingu. Fyrirframgreiðslu endurgreiðir verktaki, eftir því sem verki miðar áfram, í hlutfalli af verðmæti verkstöðu á hverjum tíma á móti verðmæti heildarverks margfaldað með 1,2, þar til hún er að fullu endurgreidd. Ef um verðbætt verk er að ræða þarf eftirfarandi viðbót.

Verðmæti verkstöðu er reiknað á grunnverðum samnings (þ.e. tilboðsverð án verðbóta).

4 Vinnusvæði

Í þessari grein er vinnusvæðinu lýst, greint er frá mörkum þess, aðstæðum á því, jarðvegi, hindrunum og takmörkunum á notkun á tækjum.

4.1 Mörk vinnusvæðis

Greina skal frá útlínunum og afmörkun vinnusvæðis. Tilgreina þarf hvort námur og námuvegir tilheyra vinnusvæði, einnig vinnubúðir og aðkomuleiðir að þeim. Meðhöndla þarf sérstaklega námuvegi sem teljast vinnusvæði og koma inn á þjóðveg utan vinnusvæðis. Taka þarf fram hvar umferð og efnistaka er heimiluð og hvar ekki.

Í vetrarþjónustuútboðum skal að auki setja eftirfarandi undirkafla.

4.1.1 Þjónustuleiðir

Greina skal frá upphafs- og endastöðum hverrar þjónustuleiðar, þjónustuflokki, opnunartíma, fjölda mokstursdaga, breidd vegar og uppgjörformi

4.1.2 Umferð á þjónustuleiðum

Greina skal frá umferð á hverri þjónustuleið

4.1.3 Lýsing þjónustuleiða

Lýsa skal því hvar mokstur hefst á viðkomandi leið, yfirborði vegar, tengingum, hvernig stikun vegarins er háttað, útskotum og öðrum breytingum frá venjulegu vegþversniði og hvernig mokstri skuli háttað.

4.2 Áspungi og heildarþungi ökutækja

Gefið hefur verið út blað (sjá fylgiskjal x) sem sýnir hámarks ás- og heildarþunga ökutækja á vinnusvæðum. Með vinnusvæði er hér einungis átt við vegi í byggingu ásamt námuvegum. Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja gildir á fullbyggðum vegum. Þess skal getið hér sem fylgiskjals með útboðslýsingu. Frekari takmarkanir á umferð og umferðarþunga kunna að vera nauðsynlegar t.d. þar sem vegur er byggður á veiku undirlagi og eftir að neðra burðarlag hefur verið lagt. Þær takmarkanir þurfa þá að koma fram hér. Vakin er athygli á því að hér er um meiri þyngd að ræða en gildir á vegakerfinu. Þar sem efnisflutningar fara eftir þjóðvegum þarf að koma fram hvaða reglur um ás- og heildarþunga ökutækja gilda á viðkomandi vegum, þ.e. viðauki I eða II í reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja og auglýsingu um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum. Einnig þarf að geta þess ef brýr með skertu burðarþoli eru á því svæði sem vinnuumferð fer um. Gera skal áhættumat þar sem miklir efnisflutningar fara fram á fullbyggðum vegum og mæla fyrir um sérstakar ráðstafanir til að draga úr hættu á skemmdum á vegum eða brúamannvirkjum

Í vetrarþjónustuútboðum skal setja eftirfarandi texta.

Almennar reglur gilda um áspunga á mokstursleiðum.

4.3 Lagnir

Greina skal frá öllum lögnum sem vitað er um á vinnusvæðinu, eigendum þeirra og hvaða ráðstafanir þarf að gera þeirra vegna og hvernig staðið verður að færslu og breytingum.

Verktaki skal gæta ýtrustu varkárni í grennd við lagnir og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum sem um þær gilda. Þótt staðsetning lagna, sem verkkaupa er kunnugt um, sé sýnd á uppdráttum, er verktaka skylt að kynna sér rækilega, áður en framkvæmdir hefjast legu allra lagna sem kunna að vera á eða við vinnusvæðið.

Í þeim tilfellum sem nauðsynlegt er að vinna nálægt háspennulínunum eða undir þeim skal verktaki kynna sér rækilega aðstæður og eiga samstarf við eigendur háspennulínunnar um það hvernig skuli staðið að verki og leita upplýsinga um hvaða hættur séu fyrir hendi. Verktaki skal kynna sér helgunarsvæði háspennulína. Þegar þarf að vinna innan helgunarsvæðis skal verktaki fá leyfi eiganda línunnar og um leið kynna sér fjarlægðartakmarkanir hennar.

Eigendur háspennulína eru ávallt reiðubúnir til að aðstoða verktaka við að koma í veg fyrir slyss og/eða truflanir á raforkuflutningi enda mikið í húfi fyrir alla aðila. Ávallt skal gert áhættumat fyrir verkið og skal öllum ráðstöfunum sem áhættumatið krefst vera lokið áður en vinna hefst. Öllum sem að verkinu koma skulu kynntar ráðstafanirnar vegna áhættumatsins og þær hættur sem eru til staðar á verkstað. Sama gildir um háspennustrengi í jörðu.

Hjá Landsneti, sem rekur og á allar háspennulínur 66 kV og stærri, eru til leiðbeiningar um hvernig beri að standa að verki í návist háspenntra mannvirkja. Þessar leiðbeiningar má nálgast á heimasíðu Landsnets undir öryggismál og heita „Háspenna er dauðans alvara“

4.4 Staðhættir og jarðvegur

Í staðháttalýsingu er greint frá því hvar mannvirkið er og hvort það er á eða utan þeirra mannvirkja sem fyrir eru (nýbygging eða endurbygging). Hér er einnig greint frá því hvaða athuganir á jarðlögum hafa verið gerðar og jarðvegi á vinnusvæði lýst. Þegar um verulegan texta er um að ræða er æskilegt að skipta greininni niður í undirliði á eftirfarandi hátt.

4.4.1 Inngangur

Í inngangi er fjallað almennt um stærð mannvirkis og umhverfi þess og hvort um er að ræða endurbyggingu á gömlu eða nýbyggingu. Einnig yfirliti yfir rannsóknir, hvernig þær voru framkvæmdar og hvar og hvernig niðurstöður eru sýndar.

4.4.2 Jarðvegslýsing

Lýsa skal jarðvegi á vinnusvæðinu. Í því sambandi er mikilvægt að greina frá notagildi efna í þau mannvirki sem byggja á og annmarka við vinnslu (t.d. rakaviðkvæm, vatnságangur o.s.frv.). Æskilegt er að lýsingin reki sig skipulega eftir verkinu. Meðal atriða, sem mikilvægt er að nefna eru hvort og þá hvar berg kemur fyrir, mýrar og dýpi þeirra

Þá er í mörgum tilfellum mikilvægt að gefa upp lagþykktir efna (einkum á það við í skeringum), t.d. þykkt moldarlags ofan á mól o.s.frv. Við gerð þessarar greinar er mikilvægt að skýra frá öllu sem vitað er um jarðveginn, bæði kostum og göllum. Hins vegar er einnig mikilvægt að sleppa öllum getgátum (sennilega, hugsanlega,

almennt er líklegt o.s.frv.). Víska skal í grein 7.3 varðandi notkun og rannsóknir á efni í skeringum.

4.4.3 Sig og sigmælingar

Greinin er einungis notuð þar sem vegur er byggður á mjúku undirlagi og sérstakra aðgerða er þörf vegna þess. Geta skal þess hvernig sig er áætlað og mælt og hvernig með það er farið í uppgjöri. Þar sem aðgerðir vegna sigs, fargs er sérstakur verkþáttur á ekki að skrifa verklýsingu undir þessari grein.

4.4.4 Vatnafar

Þegar mannvirki liggur í eða við sjó skal greina frá helstu kennistærðum sjávarfalla ásamt þeim mælingum sem gerðar hafa verið. Þegar um er að ræða þverun fjarða vatna eða vatnsfalla skal hér fjalla um helstu stærðir sem taldar eru skipta máli, svo sem straumhraða við þverun fjarða, vatnasvið, flóð og endurkomutíma flóða í ám.

4.5 Rannsóknir

Hér skal greint frá því, hvaða rannsóknir hafa verið gerðar, umfangi þeirra, staðsetningu og helstu niðurstöðum auk tilvísana í fylgiskjöl með niðurstöðum. Um getur verið að ræða rannsóknir á efni sem verkkaupi leggur til eða til greina kemur að nota í verkið. Gæta skal þess að upplýsingar séu hlutlausar og geta umfangs þeirra. Taka þarf fram ef við á að verktaki þurfi að gera sínar eigin rannsóknir og athuganir og að upplýsingar verkkaupa breyti í engu ábyrgð verktaka á því efni sem hann leggur til.

4.6 Annað

Hér skal greina frá öðrum atriðum, sem máli skipta á vinnusvæðinu, t.d. náttúruvætti, fornminja, mannvirki, verkhlutum sem búið er að gera o.s.frv. Einnig skal geta um skurði, læki, vatnsföll og girðingar sem geta verið til trafala.

4.7 Veðurástand, reynslutölur

Í vetrarþjónustuútboðum skal gefa upp tíðni helstu veðurþátta sem hafa áhrif á vetrarumhverfi.

Hér að neðan er tafla sem sýnir tíðni þeirra veðurþátta sem gefa ákveðna mynd af vetrarumhverfi á hverjum stað. Magntölur þessar eru reiknaðar út frá gögnum frá veðurstöðvum á landinu og eru það meðaltalsgildi áranna (árabil).

Þessar upplýsingar gefa ákveðna mynd af þeim veðurfarslegu aðstæðum sem geta haft áhrif á umfang og eðli vetrarþjónustu á hverju svæði. Um er að ræða fjölda þeirra tilfella sem tiltekna veðurástandur hafa varað samfellt í þrjár klst. í einu.

Einnig skal gefa upplýsingar um meðalafköst í snjómokstri á þeim leiðum sem eru í útboði.

5 Umferð

Í þessari grein skal greina frá umferð á vinnusvæðinu og sérstökum atriðum varðandi hana. Taka skal fram hvort og hvenær almenn umferð fer um vinnusvæðið og hvaða ráðstafanir verktaki þarf að gera vegna þess. Einnig þarf að taka fram hvort loka megi vegum vegna framkvæmda og hvernig skuli staðið að því. *Allar tafir og truflanir á umferð skal verktaki auglýsa að svo miklu leyti sem lögregla og eftirlit verkkaupa telja nauðsynlegt. Verktaki greiðir auglýsingakostnað en verkkaupi sér um að koma auglýsingum til fjölmiðla.* Mikilvægt er að huga að öllu sem sérstakt getur talist eða óvanalegt á þessu sviði. Fjalla skal almennt um merkingar á vinnusvæði. Útboðslýsingu skal fylgja merkingaplan, þannig að verktaki geti gert sér grein fyrir þeim kostnaði sem merkingum fylgir.

6 Verksvið, nákvæmniskröfur

Undirskipting þessarar greinar getur verið eftirfarandi:

6.1 Almenn

Hér skal lýsa verkinu almennt ef koma þarf einhverju á framfæri til viðbótar við það sem greint er frá í grein 1.1.

6.1.1 Stjórnun vetrarþjónustu

Almenn forsenda samnings er samvinna, trúnaður og sömu markmið á milli aðila.

Öll dagleg aðgerðastjórnun á mokstri, hálkuvörnum og eftirliti er á hendi verkkaupa. Hér skal koma fram hvar stjórn-/vaktstöð(var) er(u) staðsettar. Gera þarf grein fyrir fyrirkomulagi verkkaupa við stjórn vetrarþjónustu, það er hvenær stjórnun flyst frá stjórnstöð til vaktstöðvar.

6.1.2 Færðargreining - upplýsingagjöf

Eftirlitsmaður verkkaupa sinnir færðargreiningu með ástandi vega.

Verktaki skal gefa upplýsingar til stjórnstöðvar um breytingar á færð, veðri og framkvæmd aðgerða jafnharðan og ástæða er til samkvæmt nánari ákvæðum í vinnureglum.

Í handbók um vetrarþjónustu eru skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í upplýsingagjöf. Mikilvægt er að allir starfsmenn í vetrarþjónustu þekki þær skilgreiningar vel.

Starfsmenn verktaka skulu ljúka námskeiði um vetrarþjónustu sem Vegagerðin viðurkennir og standast þær kröfur sem þar eru settar fram.

6.1.3 Viðbrögð við óveðri

Viðbrögð við óveðri og annarri náttúruvá eru samkvæmt vinnureglum verkkaupa.

6.2 Atriði undanþegin útboði

Hér þarf að telja upp þau atriði sem sýnd eru á uppdráttum eða öðrum gögnum og ekki eru innifalin í útboðinu ef það er ekki augljóst.

Þar getur verið um að ræða mannvirki eða hluta mannvirkja sem sýnd eru á uppdráttum, t.d. kennisniðum, en ekki á að vinna.

6.3 Vegtegund, frávik

Hér skal tilgreina vegtegund eða vegtegundir eins og þær eru skilgreindar í veghönnunarreglum og nákvæmni þeirra í láréttri legu. Einnig skal tíunda staðsetningu frávíka frá kennisniði, breiddaraukninga o.þ.h.

6.4 Efni og búnaður sem verkkaupi leggur til

Hér skal telja allt efni og búnað sem verkkaupi leggur verktaka til verksins.

Um getur verið að ræða óunnið og óhreyft efni í námu, unnið efni í haug, asfalt, bindiefni, ræsaefni, vegriðsefni, salt og einnig búnað og tæki. Geta skal um hvar og hvenær efnið og búnaður er afhentur.

Efni sem verkkaupi leggur til frá eigin birgðastöðvum eða öðrum aðilum er einungis afhent samkvæmt skriflegri beiðni frá umsjónarmanni verksins, þar sem fram kemur, gerð og magn efnis, heiti og kennitala verktaka ásamt verknúmeri og verkhluta þess verkefnis sem nota á efnið í.

Í vetrarþjónustuútboðum skal auk þess nota eftirfarandi greinar varðandi efni, búnað og tæki sem verkkaupi leggur til.

6.4.1 Efni sem verkkaupi leggur til í vetrarþjónustu

Ef verkkaupi leggur til efni til hálkuvarna skal það sett fram á eftirfarandi hátt.

Verkkaupi leggur til allt efni til hálkuvarna.

Geta skal um staðsetningu hálkuvarefnis og afgreiðslu eftir því sem við á.

6.4.2 Tæki og búnaður sem verkkaupi leggur til í vetrarþjónustu

Ef verkkaupi leggur til búnað á vörubifreiðar til snjómoksturs og hálkuvarna skal það sett fram á eftirfarandi hátt eftir því sem við á.

Verkkaupi leggur til sand/saltdreifara til hálkuvarna og er hann tilbúinn til festingar á pall eða grind vörubifreiðar. Verktaki sér um að festa dreifara á bifreiðina og tengja hann við vökvakerfi bifreiðarinnar. Einnig leggur verkkaupi til snjótennur, slitblöð á þær sem og slitblöð á undirtennur.

Verkkaupi leggur verktaka til TETRA búnað í moksturstæki og greiðir af þeim leyfisgjöld. Verkkaupi leggur til slitblöð á snjótennur, slitblöð á undirtennur og slitblöð á hliðarvængi. Verkkaupi leggur til símkort í ferilvöktunarbúnað.

Ekki er gert ráð fyrir að TETRA-talstöðvar séu notaðar til hringinga í almenna símkerfið eða GSM-kerfið.

Verktaki skal annast alla ísetningu á búnaði og skal það gert af viðurkenndum aðila sem verkkaupi samþykkir.

Óski verkkaupi eftir viðbótarbúnaði í ökutæki eftir útboðsferli greiðir hann kostnað við eina ísetningu og eina aftengingu.

Verktaki ber ábyrgð á og kostnað af öllum breytingum, tengingum og festingum búnaðar hvort sem verkkaupi leggur búnaðinn til eða verktaki.

6.5 Vegtengingar

Hér skal telja allar vegtengingar, sem verktaki skal gera, gerð þeirra, staðsetningu og annað sem máli skiptir. Eðlilegast er að efnismagn í vegtengingar sé innifalið í magntölum viðkomandi verkþátta heildarverksins (fyllingu, styrktarlags,

burðarlags o.s.frv.) og því eru þær ekki sérstakur greiðsluliður. Þetta þarf að taka sérstaklega fram í þessari grein.

6.6 Mælingar, útsetningar

Hér skal geta þess hvaða gögn verktaki fær í hendur vegna útsetninga og mælinga og annað sem máli skiptir í því sambandi.

Framkvæmdamælingar: Verktaki skal annast allar framkvæmdamælingar, sem þarf til að ljúka verki í samræmi við útboðsgögn. Þessar mælingar eru sérstakur greiðsluliður í tilboðsskrá. Vegagerðin hefur útbúið „Leiðbeiningar um framsetningu útsetninga- og mæligagna“, og þar er m.a. að finna skilgreiningu og heiti sniðpunkta. Leiðbeiningarnar eru meðal útboðsgagna og fylgja með á minnislykli. Verktaki skal skila öllum mælingum samkvæmt þeim fyrirmælum sem þar koma fram. Útsetningargögn eru á textaformi á minnislykli, sem geymir útboðsgögnin. Í fylgiskjali 9 er skrá yfir hnit og hæðir fastmerkja, en verkkaupi ábyrgist ekki önnur merki sem kunna að vera á svæðinu. Telji verktaki sig þurfa að setja upp fleiri fastmerki vegna framkvæmdarinnar þá ber hann af því allan kostnað. Verktaki er ábyrgur fyrir öllum útsetningum. Verktaki skal einnig annast eftirlits-, úttektar- og sigmælingar, séu þær nauðsynlegar, allt eins og lýst er í verklýsingu viðkomandi verkþátta. Kostnaður vegna þeirra mælinga skal innifalinn í tilsvarendi tilboðsliðum.

Við útsetningar, framkvæmda- og eftirlitsmælingar skal nota mælitæki og mælingaraðferð sem tryggir nauðsynlega nákvæmni útsettra og mældra punkta í hæð og plani sbr. kröfur um nákvæmni eins og þar eru tíundaðar í kafla 6.3 hér að framan. GNSS-mælingar og kvörðun vinnusvæðis: (GNSS: Global Navigation Satellite System). Verktaka er heimilt að nýta GNSS vélstýringartækni í vinnuvélum uppfylli hún þær kröfur um nákvæmni sem mælt er fyrir um. Verktaki skal nota vinnuvélar með GNSS vélstýringartækni við gerð þeirra hluta mannvirkisins, sem er undir vatns- eða sjávarborði. Ekki er heimilt að nota GNSS vélstýringartækni í vinnuvélum við lokafrágang yfirborðs burðarlags, nema þess sé sérstaklega getið, en nota má þverhallastýringu búnaðarins. Hvort sem verktaki hyggst notast við VRS (Virtual Reference System) móðurstöð fyrir farsímasamband eða eigin grunnstöð (base) skal hann mæla svæðiskvörðun (Site Calibration) í öll fastmerki, sem tilheyra verkinu. Afrita skal Calibration-skrána yfir á öll mælitæki og allar GNSS-vélstýringar, sem notaðar eru í verkinu. Svæðiskvörðun skal gerð með þeirri nákvæmni að hvergi muni meira en 20 mm í hæð og plani á uppgefnum fastmerkjum og útreiknuðum viðmiðunarfli. Afhenda skal eftirliti kvörðunargreinagerð (Calibration Report) því til staðfestingar. Eftirliti verkkaupa skulu heimil afnot af grunnstöð verktaka. Mæligögn og skil: Verktaki skal afhenda umsjónarmanni verkkaupa afrit af öllum útreikningum og öðrum gögnum, er hann útbýr til útsetninga. Allar (snið)mælingar skulu vera hnitadaðar í ÍSN-93. Verktaki skal ávallt gera eftirliti viðvart með minnst dags fyrirvara áður en mælingar fara fram. Verktaki skal skila verkkaupa mælingum á öllum brotpunktum í þversniðunum þ.m.t. sniðpunktum á endanlegu yfirborði fyllingar, rofvarnar, yfirborði styrktarlags, burðarlags og endanlegu yfirborði vegarins með 20 m millibili á öllum útboðskaflanum. Öllum niðurstöðum mælinga skal skila á uppteiknuðum þversniðum, þar sem fram kemur hannað og mælt snið. Verktaki skal sannreyna hvort niðurstöður úttektarmælinga séu innan viðmiðunarmarka sbr. kafla 6.3 hér að framan. Annað: Verktaki skal einnig annast eftirlits-, úttektar-, og sigmælingar eins og lýst er í verklýsingum viðkomandi verkþátta. Kostnaður vegna þeirra mælinga er innifalinn í þeim liðum.

6.7 Magntölur og uppgjör

Hér skal geta þess hvernig magntölur eru reiknaðar.

Almennt: Magntölur eru gefnar upp í samræmi við mælieiningar í verklýsingu og eru notuð eftirfarandi hugtök:

Hannað magn: Magn sem mælt er innan þeirra marka, sem sýnd eru á uppdráttum, í hönnunargögnum eða mælt er fyrir um á annan hátt.

Óhreyft efni: Efni áður en það er losað eða því komið fyrir á flutningstæki.

Frágengið efni: Efni eftir að því hefur verið komið fyrir í samræmi við kröfur verklýsingarinnar.

Allar lengdir skulu mældar lárétt sé ekki mælt fyrir um annað. Við uppgjör fullgerðra verka, skulu dýptir og þykktir mældar lóðrétt og lengdir og breiddir lárétt.

Magn verkþátta fyrir jarðvinnu er reiknað samkvæmt mældu landlíkani og hönnuðum líkönum hvers lags vegarins sem felld eru að landlíkaninu. Reiknað er samkvæmt þversniðum með 10 m millibili auk þess þéttari sniða sé þess þörf.

Þykkt jarðlaga og greining jarðvegs skal mæld, metin og leiðrétt á staðnum, ef nauðsynlegt er, til ákvörðunar á magni.

Steypt mannvirki og veghlutar ofan yfirborðs undirbyggingar (burðarlag, styrktarlag, slitlag o.s.frv.) skal reikna samkvæmt málum þeim, sem sýnd eru á uppdráttum, með þeim breytingum, sem mælt er fyrir um.

Magntölur tilgreindar í tilboðsskrá, ákvarða ekki lokagreiðslu. Verktaka verður greitt fyrir hannað magn einstakra liða samningsins mælt og reiknað samkvæmt því, sem að fyrr er lýst og fyrir er mælt. Komi í ljós við lok verksins, að hannað magn sé meira eða minna en það, sem tilgreint er í tilboðsskrá, gilda einingaverð tilboðs eigi að síður, nema annað sé tekið fram í almennum skilmálum eða sérskilmálum. Einingaverð margfölduð með magni eða föst verð skulu vera full greiðsla vegna alls vinnuafls, efnis, véla, verkfæra, aðstöðu, opinberra gjalda og annars, sem nauðsynlegt er til að ljúka verki við sérhvern lið samningsins. Áætlað magn er sýnt á magndreifiriti í 3. hefti - Uppdrættir. Kjósi verktaki að mæla yfirborð undirstöðu sérstaklega skal hann gera það í samráði við eftirlitið. Verktaki ber allan kostnað af slíkum mælingum. Eftirlit þarf að samþykkja niðurstöður þessara mælinga til að þær verði grundvöllur uppgjors. Bent skal á kafla 4.4.3 um sig og sigmælingar eftir efnum svo og á viðeigandi tilboðsliði.

6.8 Tæki og búnaður sem verktaki leggur til í vetrarþjónustu

Ef verktaki leggur til búnað á vörubifreiðar til snjómoksturs og hálkuvana skal það sett fram á eftirfarandi hátt eftir því sem við á.

Verktaki skal leggja til allan tengi- og festibúnað fyrir snjómokstursbúnað á bifreið, vökvakerfi í vörubifreið, hverfiljós á alla bíla og tæki og stjórnbúnað í stýrishúsi. Verktaki skal fá samþykki verkkaupa fyrir þeim búnaði sem hann ætlar að nota.

Allar tilfærslur, skemmdir á búnaði og breytingar á tækjakosti eru á kostnað verktaka. Verktaki greiðir ísetningu, viðhald og rekstur búnaðar sem hann leggur til.

Verktaki leggur til allan búnað til hálkuvana og snjómoksturs, sand/salt-/pækil dreifara (tilgreina fjölda og stærð) tilbúna til festingar á pall eða grind vörubifreiða með ferilvöktun og stjórnbúnaði sem skilar notkunar- og afkastagögnum á öruggan hátt inn í

tölvukerfi verkkaupa á DAU-sniði án leyfis- eða áskriftargjalda fyrir verkkaupa. Einnig skal hann leggja til kastplóga og undirtennur (tilgreina fjölda).

Verktaki skal sjá um að festa dreifara á bifreiðar og tengja við vökvakerfi bifreiðarinnar. Verktaki skal hafa GSM farsíma í öllum vörubifreiðum (fast símanúmer fyrir hverja vörubifreið) og skal verkkaupi geta kallað bifreið til þjónustu í því númeri. Athygli skal vakin á því að sums staðar á þjónustuleiðum er ekki GSM samband.

Verktaki ber ábyrgð á og kostnað af öllum breytingum, tengingum og festingum búnaðar hvort sem verkkaupi leggur búnaðinn til eða verktaki.

Tæki skulu hafa gilda skoðun/vinnuvélaskráningu.

Verktaki leggur til og kostar allan annan búnað sem nauðsynlegur er til verksins og ekki er talinn upp í þessari grein eða grein 6.4.

Æskilegt er að verktaki taki mið af leiðbeiningum Vegagerðarinnar um festingar og tengingu tækjabúnaðar. „Reglur um festingar og tengingar á tækjabúnaði vörubifreiða í vetrarþjónustu. 1. útgáfa, Vegagerðin maí 2013“, slóð á heimasíðu Vegagerðarinnar: (<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarþjónusta/leidbeinvetrarþjon/1e31228df59fceed00257b6500525b59?OpenDocument>)

6.9 Þjónustuflokkur

Þjónustuflokkar útboðskafla í vetrarþjónustu eru skilgreindir í kafla 4.1.1

6.10 Annað

Bæta skal við greinum eftir þörfum um önnur atriði.

7 Efnistökusvæði

Í þessari grein skal lýsa námum, skeringum, efnishaugum og öðrum efnistökusvæðum sem bent er á í útboðinu ásamt aðkomuleiðum. Taka þarf fram hvort verktaki skuli taka efni á viðkomandi stöðum eða hvort honum sé heimilt að nota aðra.

Eðlilegt er að nota undirliði fyrir lýsingu hvers efnistökusvæðis. Mikilvægt er að skýra frá öllu sem vitað er um viðkomandi námu, en varast allar getgátur og hæpnar ályktanir.

7.1 Inngangur

Í inngangi er gefið yfirlit yfir námur sem verkkaupi hefur aflað vinnsluréttar í og staðsetningu þeirra, skeringar á vegsvæði og utan þess. Einnig er eðlilegt að geta heildarmagns efnis sem tekið er úr námum og skeringum, áætlað vinnanlegt magn á hverjum stað og í hvaða hluta mannvirkis það er talið nothæft. Æskilegt er að setja yfirlit yfir námur og skeringar fram í töfluformi. Einnig skal fjalla almennt um umgengni í námum og frágang þeirra. Ef frágangur á námum er ekki sérstakur tilboðsliður skal þess getið hér að hann sé innifalinn í einingaverðum viðkomandi liða (fyllingar, burðarlag). Í inngangi skal einnig fjalla almennt um þær rannsóknir sem verkkaupi hefur gert á efnistökusvæðum og hvernig og hvar niðurstöður eru sýndar

Hér er einnig rétt að geta um meðferð mála ef verktaki óskar eftir að nota efni úr öðrum námum, hverra rannsókna er þörf í slíkum tilvikum og hver beri kostnað af þeim svo og námugjöldum.

Verktaki þarf leyfi eftirlits verkkaupa til að taka efni annars staðar en í tilgreindum námum. Leyfið er háð samþykki viðkomandi landeiganda, sveitarfélags, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra þar sem það á við.

7.2 Námur

Í þessari grein er hverri námu lýst sérstaklega og notaðir undirkaflar fyrir hverja námu (7.2.1, 7.2.2 o.s.frv.)

Meðal þess sem mikilvægt er að komi fram má nefna:

Staðsetning námuvegjar (lengd í línu í lengdarkerfi útboðs eða fjarlægð frá enda útboðskafla), lengd námuvegjar (lengd frá aðalvegi að námu), ástand námuvegjar, aðstæður í námu, áætlað efnismagn, kornadreifing efnis, lagskipting, vandkvæði við vinnslu (rakaviðkvæm efni, lagskipting, flokkun), ofanafýting, takmarkanir á notkun efna (t.d. skal nota í burðarlag o.s.frv.), eigandi námu ef það skiptir máli, girðingar, hlið o.s.frv.

Vísa skal til athugana sem liggja fyrir, t.d. kornalínurita, CBR-prófa, borana, prufuhola o.s.frv.

7.3 Skeringar

Í þessari grein er skeringarsvæðum lýst og notaðir undirkaflar ef þörf er á (7.3.1, 7.3.2 o.s.frv.). Í almennum kafla er rétt að hafa yfirlit yfir helstu skeringar, magn og notkunarmöguleikar. Rétt er að hafa eftirfarandi texta um notkun á lífrænu efni.

Lífrænum jarðvegi skal halda til haga og nota í frágang fláa og skeringa á grónum svæðum.

Meðal þess sem mikilvægt er að komi fram má nefna:

Staðsetning skeringar, aðstæður, áætlað efnismagn, kornadreifing efnis, lagskipting, vandkvæði við vinnslu (rakaviðkvæm efni, lagskipting, flokkun), takmarkanir á notkun efna.

Vísa skal til athugana sem liggja fyrir, t.d. kornalínurita, CBR-prófa, borana, prufuhola o.s.frv.

C Verklýsing

Seinni hluti útbóðs- og verklýsingar (grein 8) er verklýsing fyrir viðkomandi verk þar sem greint er frá hvað er innifalið í verkþáttum, kröfum til efnis og vinnubragða, prófunum, nákvæmniskröfur, uppgjörsaðferð og mælieiningum uppgjors. Verklýsing er oftast í sama hefti og útbóðslýsing, en getur einnig verið sérhefti í viðamiklum útbóðum.

8 Lýsing einstakra liða í tilboðsskrá

Hér er komið í samningu verklýsingar og er nauðsynlegt að gera tilboðsskrá fyrir verkið ef það er ekki þegar búið. Hafi verið byrjað á því að gera tilboðsskrá eða kostnaðaráætlun þarf að yfirfara hana og gæta þess að samræmi sé milli hennar og þess hluta útbóðslýsingar sem fjallað hefur verið um hér að framan. Þegar lokið hefur verið við gerð tilboðsskrárinnar skal lýsa henni í seinni hluta útbóðs- og verklýsingar, sem er lýsing á einstökum verkþáttum verksins.

Hefja skal greinina með eftirfarandi skýringu:

Hér á eftir verður fjallað um einstaka liði verklýsingar. Allur kostnaður vegna mælinga og rannsókna á efnum og/eða vinnu skal innifalinn í einingaverðum einstakra verkþátta hér á eftir.

Tilboðsskrá í heftinu Tilboðsform er samsett úr greiðsluliðum fyrir hvern verkhluta og er kaflaskipt í samræmi við það.

Í verklýsingu er orðið „fyrirmæli“ og orðasambandið „að mæla fyrir um“ notað án frekari skýringa um öll bindandi fyrirmæli í verksamningi, verklýsingu, og á uppdráttum eins og við á hverju sinni.

Texta verklýsingarinnar er skipt niður í svið. Á undan fyrstu málsgrein í hverju sviði er feitletrað tákn fyrir viðkomandi svið. Eftirtalin svið eru notuð:

a) Verksvið

Skilgreining á verkþættinum, hvað er innifalið í honum eða undanskilið.

b) Efniskröfur

Kröfur til efnis sem má nota, vísanir í staðla o.þ.h.

c) Vinnugæði

Kröfur til verklags, vinnugæða og tækja.

d) Prófanir

Ákvæði um hvaða atriði skuli prófa og hvernig.

e) Nákvæmniskröfur, frávik

Ákvæði um nákvæmniskröfur og leyfileg frávik frá fyrirskrifuðum stærðum.

f) Uppgjör, mælieiningar

Fyrirmæli um mælieiningu, hvað skuli mælt og hvernig til að ákvarða magn til greiðslu fyrir viðkomandi verkþátt og tilhögun uppgjors.

Hver kafli verklýsingar hefst að öllu jöfnu á almennri verklýsingu fyrir viðkomandi kafla og er hann ekki tilboðsliður. Í framhaldi af almennri verklýsingu er sérlýsing tilboðsliða. Lýsing almennrar verklýsingar gildir fyrir alla verkþætti hans með þeim breytingum og viðbótum, sem fram kunna að koma í viðkomandi tilboðsliðum. Ef engin lýsing er í tilboðslið gildir almenna verklýsingin.

Síðan skal fjalla um alla liði tilboðsskrárinnar-

Nota skal sérstök skjöl til að setja fram verklýsingu (dæmi um þessi skjöl eru „Verklýsing sniðmát Styrktarlag“, „Verklýsing sniðmát Klæðing“, o.s.frv.). Þessi skjöl eru í meginatriðum tvískipt:

Fremst er almenn verklýsing. Textinn er svartur og er tillaga að endalegum texta. Honum á ekki að breyta nema nauðsyn gefur til.

Á eftir koma númeraðir undirverkþættir (magntöluliðir). Bláa skáletraða texta eða tölugildi í þeim þarf að aðlaga að hverju verkefni eða útboði fyrir sig. Eftir aðlögun er textinn réttur upp og eftir yfirferð gerður svartur.

Til stuðnings vali á texta og tölugildum fylgja einnig leiðbeiningarskjöl (dæmi um þessi skjöl eru „Kröfugildi leiðbeiningar Styrktarlag“, „Kröfugildi leiðbeiningar Klæðing“, o.s.frv.). Leiðbeiningartextinn er rauður og er hann til að skýra út hvernig aðlaga skal undirverkþætti í verklýsingarskjalinu. Tillaga að valkostum texta og tölugilda er blár skáletraður (dæmi er tölugildi eftir umferðarflokkum).

Tryggja þarf að ef einhver atriði er frábrugðin, sérstök eða óvanaleg að um þau sé fjallað og þeim lýst.

Vegna samanburðar á einingaverðum er ekki heimilt að nota aðrar uppgjörseiningar en eru í verkþáttaskrá.

Í samsettum verkum (vegagerð, brúagerð, hafnargerð, sjóvarnir, undirgöng, jarðgöng, veitustofnanir, sveitarfélög o.s.frv.) er oft nauðsynlegt að skipta verklýsingu og tilboðsskrá í verkhluta m.a. til aðgreiningar í uppgjöri og til að auðvelda yfirlit og einnig vegna mismunandi verðbótauppgjors ef um slíkt er að ræða.

Verkhluta má t.d. merkja á eftirfarandi hátt:

Verkinu er skipt í eftirfarandi verkhluta:

8.01 Vegagerð

8.02 Brú á

8.03 Undirgöng undir ...

8.04 Raflagnir

8.05 Veitustofnanir

8.06 Vetrarþjónusta

Númer verkliða skal vera hlaupandi númer fyrir alla verkhluta, þannig að liðnúmerið sé einhlítt til tilvísunar.

D Tilboðsform.

Gert er ráð fyrir að tilboðsform sé í sérstöku hefti (hefti 2. Tilboðsform) sem skilað er inn með tilboðum. Gæta þarf þess að tilboðsformið sé merkt sem hluti útboðsgagna og samnings.

Tilboðsform er sérstakt skjal og eru eyðublöð í því fimm:

1 Tilboðsskrá

Tilboðsskrá er læst tafla sem mynduð er af áætlun verksins úr FK-kerfi og er hún með eftirfarandi fyrirsögn.

Varðandi tilvísun í einstaka kafla (verkbátanúmer) í verklýsingu er áriðandi að haft sé í huga að lýsing í aðalkafla gildir fyrir alla undirkafla hans með þeim breytingum og viðbótum, sem kunna að koma í viðeigandi undirkafla.

2 Verkreynsla bjóðanda

Í þeim útboðum og samningum, þar sem krafist er sérstakrar verkreynslu skal bjóðandi að fylla út eyðublað um verkreynslu sína, þar sem koma fram upplýsingar um heiti verkefna, upphæð verksamninga, heiti verkkaupa og hvenær verkefnið var unnið. Yfirleitt er nægilegt að tilgreina 3-4 verk á því tímabili sem krafist er í grein 1.8 Hæfi bjóðenda.

3 Verkreynsla yfirstjórnanda verks

Í þeim útboðum og samningum, þar sem krafist er sérstakrar reynslu tilgreinds yfirstjórnanda verks skal bjóðandi tilgreina hver verður yfirstjórnandi verksins, ferilskrá yfirstjórnanda ásamt tilgreindum sambærilegum verkefnum sem viðkomandi hefur stjórnað. Tilgreina skal heiti verks, upphæð verksamnings, heiti verkkaupa og hvenær verkefnið er unnið.

4 Reynsla í notkun gæðastjórnunarkerfa

Í þeim útboðum og samningum, þar sem krafist er reynslu í notkun gæðastjórnunarkerfis, skal bjóðandi tilgreina nafn gæðastjóra, heiti verka sem unnin hafa verið með skilgreindu gæðastjórnunarkerfi ásamt upphæð verksamnings, heiti verkkaupa og hvenær verkefni var unnið.

5 Tilboðseyðublað








Tilboðseyðublað er undirritað bindandi tilboð í viðkomandi verk, þar sem koma fram upplýsingar um heiti verks, tilboðsupphæð, heiti, stöðu, kennitölu bjóðanda ásamt heimilisfangi og tölvupóstfangi. Undirritun tilboðseyðublaðsins skal vera vottuð.

Fylgiskjal x

Leyfileg þyngd ökutækja á vinnusvæðum

Gildir aðeins fyrir vegi. Brýr þarf að meta sérstaklega

Leyfileg heildarþyngd á ökutækjum og vagnlestum má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækis.



Ás- og heildarþungi má aldrei vera meiri en gefinn er upp í skráningarskírteini ökutækja.